



Oftar en ekki
í næsta
nágrenni



VÍKURFRÉTTIR

MÍÐVIKUDAGUR 6. MARS 2023 // 10. TBL. // 45. ÁRG.

Áframhaldandi landris og auknar líkur á eldgosi

Um 1,3 milljón rúmmetrar af kviku fóru úr kvikuhólfinu undir Svartsengi yfir í kvikuganginn á laugardaginn 2. mars. Kvikugangurinn sem myndaðist í kjölfarið var um 3 km langur og náði frá Stóra-Skógfelli að Hagafelli.

Áframhaldandi landris mælist á GPS mælum eftir kvikuinnskotið. Kvikuflæði undir Svartsengi heldur því áfram og líkanreikningar sýna að um hálf milljón rúmmetra af kviku safnast á sólarhring. Þrýstingur í kvikuhólfinu heldur því áfram að byggjast upp og auknar líkur eru á nýju kvikulaupi yfir í Sundhnúks-gígarröðina og jafnvel eldgosi á næstu dögum.



Njóta heitra lauga í ljósaskiptunum

Suðurnesjafólk komst að því á dögnum að heitt vatn er ekki eins sjálfsagður hlutur og margir halda. Þegar svokölluð Njarðvíkuræð, sem flytur heitt vatn frá Svartsengi og að Fitjum í Reykjanesbæ, rofnaði undan hraunrennsli frá eldgosi við Sundhnúka voru sundlaugarnar á svæðinu eitt af því fyrsta sem lokaði og voru síðastar til að opna að nýju. Meðfylgjandi mynd var tekin við Sundmiðstöð Reykjanesbæjar, Vatnaveröld, í ljósaskiptunum á mánudagskvöld. VF/Hilmar Bragi

■ Hefja fyrstu augnskimun við augnsjúkdómum af völdum sykursýki á Heilbrigðisstofnun Suðurnesja í samstarfi við RetinaRisk:

HSS leiðir byltingu í augnskimun með gervigreind



Fulltrúar Heilbrigðisstofnunar Suðurnesja og RetinaRisk í verkefninu.

RetinaRisk, sem er fyrirtæki í forstuhlutverki í notkun gervigreindar í heilbrigðisþjónustu, er komið í samstarf við Heilbrigðisstofnun Suðurnesja (HSS) um að hefja fyrstu augnskimun við augnsjúkdómum af völdum sykursýki með gervigreind. Skimun hefst í næsta mánuði. Þetta skref markar tímamót í heilbrigðisþjónustu á Íslandi, þar sem HSS tekur í notkun byltingarkennda tækni til að bæta heilbrigðisþjónustu við sína sjúklinga.

Augnskimun með gervigreind frá RetinaRisk mun gera stofnuninni kleift að greina sjónskerðandi augnbotnabreytingar af völdum sykursýki á gríðarlega skilvirkan hátt á stofnunni sjálfri og tilvísa aðeins þeim með staðfestan grun um kvilla til augnlæknis. Þetta

minnkar kostnað gríðarlega fyrir sjúklingahópinn í heild sinni ásamt því að stórbæta aðgengi að skimun og til augnlækna fyrir þá sjúklinga sem þurfa á því að halda.

„Við erum gríðarlega ánægð með samstarfið við HSS og er stofnunin að sýna mikinn nýsköpunarkraft

í að taka þessa tækni í notkun,“ sagði Ægir Þór Steinarsson, framkvæmdastjóri RetinaRisk. „Samstarf okkar mun ekki aðeins gera HSS kleift að bjóða upp á skilvirkari greiningu fyrir sjúklinga, heldur einnig að draga verulega úr byrði á heilbrigðiskerfið í heild sinni.“

Heilbrigðisstofnun Suðurnesja rekur eina stærstu sykursýkismóttöku landsins með vel yfir 1000 manns í eftirfylgni og hefur getið sér gott orð fyrir einstaklega vel skipulagða nálgun við það starf. Nánar á vf.is.

VIÐ SÝNUM ALLAR EIGNIR, FÁÐU TILBOÐ Í FERLIÐ.

ALLT
FASTEIGNASALA



DÍSA
DISA@ALLT.IS
560-5510



ÁSTA MARÍA
ASTA@ALLT.IS
560-5507



HELGA
HELGA@ALLT.IS
560-5523



ELÍNBOURG ÓSK
ELINBORG@ALLT.IS
560-5509



UNNUR SVAVA
UNNUR@ALLT.IS
560-5506



ELÍN
ELIN@ALLT.IS
560-5521



HAUKUR
HAUKUR@ALLT.IS
560-5525



SIGURJÓN
SIGURJON@ALLT.IS
560-5524



PÁLL
PALL@ALLT.IS
560-5501

24 SÍÐUR Í ÞESSARI VIKU • STÆRSTA FRÉTTA- OG AUGLÝSINGABLAÐIÐ Á SUÐURNESJUM

Nýtt íbúðahverfi í Keflavíkurborgum

■ Og meiri byggð við Hafnargötu

Vinna við nýtt deiliskipulag fyrir íbúðabyggð í Keflavíkurborgum er hafin og er gert ráð fyrir allt að 170-200 lóðum fyrir einbýlis- og parhús á 1-2 hæðum og fjölbýlishús á allt að 3 hæðum. Umrætt landsvæði er um 38 hektarar og afmarkast af Garðskagavegi til vesturs, Hringbraut til norðausturs og Heiðabergi til suðurs.

Innan svæðisins er gert ráð fyrir íbúðabyggð auk leik- og/eða grunnskóla. Staðarval nýrri byggð er valin staður sem er í góðri tengingu við helstu ása sveitarfélagsins.

Nýtt deiliskipulag fyrir byggð í Keflavíkurborgum verður unnið í samræmi við það byggðamynstur sem fyrir er í nálægum hverfum. Lagt er upp með fjölbreyttan kost húsa bæði í sérbyli, rað- og parhúsum auk fjölbýlishúsa.

Markmið með skipulagningu nýs íbúðasvæðis er að svara eftirspurn eftir íbúðum í sveitarfélaginu og nýta land sem er þétt við núverandi byggð til að nýta innviði sem fyrir eru sem best auk þess sem uppbygging sé í góðum tengslum við eldri byggð. Stuðlað verði að grænu hverfi og góðum göngu- og hjóla- tengingum við helstu þjónustu, að því er fram kemur í kynningu sem lögð var fram á fundi umhverfis- og skipulagsráðs Reykjaneshæjar nýlega.

Á fundi ráðsins var einnig kynnt verkefnafrýðing fyrir gerð nýs deili-

skipulags Hafnargötu og Náströnd í Reykjaneshæ. Hugmyndin er að nýta óbyggt svæði milli Hafnargötu og Ægisgötu sem situr á landfyllingu ásamt grænu svæði sem er mikið nýtt á hátíðardögum í bænum. Markmið með gerð deiliskipulags fyrir svæðið er að móta stefnu um framtíðar uppbyggingu og þróun svæðisins í takt við nýja tíma. Mikil tækifæri eru til uppbyggingar á svæðinu og góðir þróunarmöguleikar til að mynda sterka heild og líflegt miðbæjarumhverfi, segir í fundargerð umhverfis- og skipulagsráðs.

Skipulagssvæðið er u.þ.b. 7,5 ha að stærð og afmarkast af Hafnargötu frá gatnamótum Skólavegar til suðurs og Vesturgötu til norðurs auk svæðis að Suðurgötu í vestri og Ægisgötu í austri. Hluti af skipulagssvæðinu er austan við Hafnargötu. Fram að miðri 20. öld náði sjórinn upp að bakhlíð húsa við Hafnargötu en fljótlega var byrjað á landfyllingu sem í dag hýsir baklóðir þeirra húsa og Ægisgötu.



Umrætt bygginasvæði í Keflavíkurborgum. VF/Hilmar Bragi

Allt hreint
Umhverfissvöttuð rástingarpjónusta

HREINSUM
RIMLAGARDÍNUR OG
MYRKVUNARGARDÍNUR

NÁNARI UPPLÝSINGAR Á ALLTHREINT.IS

16 FERÐIR Á DAG
ALLTAF PLÁSS Í BÍLNUM

SUÐURNES - REYKJAVÍK
DAGLEGAR FERÐIR ALLA VIRKA DAGA

CARGOFLUTNINGAR.IS

845 0900 **f** FINNDU OKKUR Á FACEBOOK



Úr húsakynnum Rokksafns Íslands í Hljómahöllinni í Reykjaneshæ. VF/pket

Bókasafn Reykjaneshæjar flytur í Hljómahöll um áramót

■ Bæjarfulltrúar Sjálfstæðisflokks alfarið á móti flutningi safnsins í húsnæði Rokksafnsins

Flutningur bókasafns Reykjaneshæjar í Hljómahöll var samþykktur á fundi bæjarstjórnar Reykjaneshæjar á þriðjudag, 5. mars. Sjálfstæðismenn greiddu atkvæði á móti og sögðust í bókun leggja alfarið gegn því að bókasafnið verði flutt í Hljómahöll og á sama tíma verði Rokksafni Íslands lokað, í ljósi þeirra vinnubragða sem meirihlutinn hefur viðhaft í aðdraganda ákvörðunar sinnar.

Þá segir í bókun Sjálfstæðisflokks: „Meningarráð hefur þegar boðað að farið verði í stefnumótun menningarhúsa í Reykjaneshæ með það að markmiði að nýta betur húsnæði sveitarfélagsins og efla menningarlíf í bænum. Við teljum með öllu óábyrgt að ákvörðun sem þessi sé tekin áður en slík vinna hefur farið fram og hvetjum meirihlutann til að draga

ákvörðun sína til baka,“ segir í bókuninni sem Helga Jóhanna Oddsdóttir, Margrét Sanders og Birgitta Rún Birgisdóttir, bæjarfulltrúar Sjálfstæðisflokksins, skrifa undir.

Gert er ráð fyrir að flutningur bókasafnsins eigi sér stað um næstu áramót. Í upphafi voru lagðir til þrjú valmöguleikar; að hafa bókasafnið á núverandi stað, að byggja nýtt 2.000 m² húsnæði fyrir bókasafnið eða flytja bókasafnið í Hljómahöll. Möguleikinn sem þykir bestur út frá þeim gögnum sem liggja fyrir í málinu er að flytja bókasafnið í Hljómahöll og hefur meirihluti bæjarstjórnar auk flokks Umbótar því tekið þá ákvörðun. Sjá bókun meirihlutans og Umbótar hér að neðan.

■ Bókun meirihluta og Umbótar í bæjarstjórn Reykjaneshæjar:

Meningarmiðstöð Reykjaneshæjar með bókasafni, tónlistarskóla og fjölbreyttu viðburðahaldi

Málefni bókasafnsins, staðsetning þess og stækkun til framtíðar hafa verið til umræðu í nokkurn tíma. Innan stjórnarsýslunnar hófst málið formlega í nóvember 2022 þar sem allir fulltrúar bæjarráðs samþykktu að skoða hvort að mögulegt væri að flytja bókasafn Reykjaneshæjar í Hljómahöll. Málið hefur verið rýnt af starfsfólki sveitarfélagsins, af hönnuði og arkitekt auk bæjarfulltrúa.

Í upphafi var lagt til þrjú valmöguleika verkefnisins; að hafa bókasafnið á núverandi stað, að byggja nýtt 2.000 m² húsnæði fyrir bókasafnið eða flytja bókasafnið í Hljómahöll.

Bókasafnið deilir húsnæði með ráðhúsi Reykjaneshæjar að Tjarnargötu 12. Það er þó alveg ljóst að það fyrirkomulag hefur runnið sitt skeið þar sem þröngt er um bæði bókasafnið og starfsemi ráðhússins. Að mati meirihluta bæjarstjórnar auk flokks Umbótar kemur sá valmöguleiki að vera á sama stað því ekki til greina.

Að byggja nýtt 2.000 m² hús fyrir bókasafn er aðlaðandi hugmynd en kallar á rúmlega tveggja milljarða fjárfestingu auk 2-3 ára ferli við hönnun og byggingu. Þessar fjárhæðir eru ekki innan fjárhagsáætlunar bæjarins og einnig ljóst að vegna þess þrönga kosts sem bókasafnið býr við á Tjarnargötu 12 þarf málið að leysast fyrr. Að mati meirihluta bæjarstjórnar auk flokks Umbótar kemur sá valmöguleiki að byggja nýtt hús því ekki til greina.

Möguleikinn sem þykir bestur út frá þeim gögnum sem liggja fyrir í málinu er að flytja bókasafnið í Hljómahöll og hefur meirihluti bæjarstjórnar auk flokks Umbótar því tekið þá ákvörðun. Í árslok 2024 munu þessar breytingar ganga í gegn sem hefjast á tímabundinni lokun bókasafnsins á Tjarnargötu 12 meðan flutningur milli húsa fer fram.

Það er afstaða meirihlutans að fjölmörg tækifæri liggja í umræddum flutningum:

Bókasafnið fer í stærra húsnæði og stækkunin verður rúmlega tvöföld.

Bókasafnið verður staðsett milli gömlu sveitarfélaganna tveggja, stutt frá miðbæjarkjarnanum í Krossmóa.

Rútustæði eru stutt frá því hentugt að nýta almenningssamgöngur.

Talsvert er af bílastæðum á lóðinni.

Bókasafnið hefur meiri möguleika á að þróast sem menningar- og samfélagsmiðja bæjarins í takt við markmið þeirra í framtíðarsýn safnsins.

Möguleiki er á uppbyggingu á svæðinu, til að mynda að setja útileiktæki á lóðina, byggja við Hljómahöll og jafnvel að setja samgöngumiðstöð þar í stað Krossmóa.

Gera má ráð fyrir því að Rokksafnið muni taka breytingum en ýmsir möguleikar eru varðandi framtíð safnsins þó það verði ekki af þeirri stærðargráðu sem það er í dag. Mikilvægt er að stjórnendur þeirra stofnana sem nú verða undir einu þaki vinni áfram í málinu með sviðsstjórum og verkefnastjóra sem ráðinn verður í tímabundið starf í framhaldi af þessari ákvörðun. Starfsemi í Stapa og Bergi verður óbreytt, þ.e. rýmin verða nýtt fyrir skemmtanir og fjölbreytt viðburðahald en auk þess er hægt að nýta umrædd rými fyrir menningarlega starfsemi bókasafnsins þegar salirnir eru ekki í útleigu. Rými tónlistarskólans mun einnig taka einhverjum breytingum og verður samnýtt að einhverju leyti með bókasafninu. Fyrirkomulag á nýtingu hússins í heild verður ákveðið í samvinnu stjórnenda stofnananna með verkefnastjóra.

Í framtíðarsýn bókasafnsins til 2030 kemur fram að bókasafn Reykjaneshæjar er „menningar og samfélagsmiðja bæjarins“ en með flutningi bókasafnsins í Hljómahöll er hugsunin sú að til framtíðar verði húsnæðið áfram rekið sem menningarmiðstöð Reykjaneshæjar með bókasafni, tónlistarskóla og fjölbreyttu viðburðahaldi fyrir íbúa og gesti Reykjaneshæjar.

Ítrekað er að með flutningunum verður hvergi nærri hætt með viðburðarhaldi í Stapa og í Bergi og hvatt er til fleiri viðburða og skemmtana fyrir íbúa og gesti.

Tónlistarskólinn mun halda áfram sínu faglega og metnaðarfulla starfi og bókasafnið mun stækka og eflast í starfsemi sinni í hag íbúa Reykjaneshæjar í frábæra menningarhúsinu okkar.

Samfylkingin, Framsókn, Bein leið og Umbót Reykjaneshæ.

Nú er skattframtalið þitt opið á *skattur.is*

14
MARS

Skilafrestur

Almennur skilafrestur fyrir launamenn og einstaklinga með eigin atvinnurekstur er til 14. mars.

Framtal barns skal fylgja framtali framfæranda.

Auðkenning

Unnt er að auðkenna sig með tvenns konar hætti, þ.e. með rafrænum skilríkjum og með veflykli RSK.

Ríkisskattstjóri mælir með að rafræn skilríki séu notuð við auðkenningu.

Upplýsingar á framtali

Áriðandi er að framteljandi athugi hvort áritaðar fjárhæðir og aðrar upplýsingar séu í samræmi við gögn og upplýsingar sem hann hefur sjálfur undir höndum. Athuga skal sérstaklega hvort einhverjar upplýsingar vanti inn á framtal, s.s. verktakatekjur.

Aðgengilegar leiðbeiningar

Leiðbeiningar er að finna á *skatturinn.is*. Einnig er auðvelt að kalla fram skýringar við einstaka kafla eða reiti í vefframtalinu sjálfu.

Framtalsaðstoð

Aðstoð er veitt í síma 442-1414 mánudaga til fimmtudaga frá kl. 9:00 til 15:30 og á föstudögum frá kl. 9:00 til 14:00.

Ekki er unnt að veita framtalsaðstoð á starfsstöðvum Skattsins.



Símabjónusta í 442-1414

Mán.-fim. 9:00-15:30

Fös. 9:00-14:00



Sendu okkur tölvupóst

Þú getur líka sent okkur tölvupóst á póstfangið framtal@skatturinn.is



Spurðu Ask

Hann getur líka leiðbeint þér með skattframtalið





Frá Hafurbjarnarstöðum, milli Garðs og Sandgerðis. Konráð Lúðvíksson verður gestur sagnastundar á Garðsakga nk. laugardag og segir sögur frá svæðinu.

Konráð Lúðvíksson læknir segir sögur á sagnastund

Sagnastund á Garðsakga verður haldin laugardaginn 9. mars 2024 kl 15:00. Konráð Lúðvíksson læknir segir frá móðurætt sinni og mannlífínu á Hafurbjarnarstöðum og nágrenni með fulltingi bróður síns, Vilhjálms.

Vilhjálmur á Hafurbjarnarstöðum var afi þeirra bræðra. Þá var búskapur á Hafurbjarnarstöðum, Kolbeinsstöðum, Kirkjubóli og í Vallarhúsum. Næg verk-



efni fyrir sumarpilta. Hákon Vilhjálmsson bóndi og umfangsmikill fuglamerkjari. Hestum beitt fyrir vagna og heytæki. Sagt frá horfnum heimi og eftirminnilegum persónum.

Allir velkomnir á Garðsakga, ekki aðgangsgjald, veitingahúsið verður opið. Léttar veitingar í boði.

Áhugamenn um sagnastund á Garðsakga



Reykjanes Optikk



Fermingargjöfin fæst hjá okkur
Boss sólgleraugu frá kr. 21.200

Opið virka daga kl. 10–18 og laugardaga kl. 11–15.

www.reykjanestoptikk.is



Skáldasúð – lítill ljóðahátíð á Suðurnesjum Sýning, upplestrar og smíðjur 7. – 21. mars

Skáldasúð er ný ljóðahátíð sem haldin verður í Reykjanesbæ dagana 7. – 21. mars nk. Þessi litla ljóðahátíð er hugarfóstur myndlistarmannsins Gunnhildar Þórðardóttur sem er einnig ljóðskáld. Hátíðin hefst fimmtudaginn 7. mars á Bókasafni Reykjanesbæjar með opnun á myndverkum Gunnhildar tengdar ljóðaverkefnum hennar en sýningin nefnist Kjarni þar sem listamaðurinn sýnir eins konar kjarna af sínum verkum en höfundur vinnur jafnt í texta sem listaverkum bæði tví – og þrívíðum.

Á sama tíma hefst fyrsti upplestur Skáldasúðs þar sem Gunnhildur mun einnig stíga á stök ásamt fríðum hópi ljóðskálda þeim Antoni Helga Jónssyni, Valdimar Tómassyni, Guðmundi Brynjólfssyni og Ólafi Sveini Jóhannssyni. Annað upplestrarkvöld verður í bókasafninu 14. mars kl. 17. Nánar má lesa um það og fleira þessu tengt á vf.is.

Ræða hugmyndir um varðveislu bátsins Hugins í Vogum

Erindi frá Minja- og sögufélagi Vatnsleysustrandar hefur verið lagt ásamt greinargerð til bæjarráðs Sveitarfélagsins Voga um varðveislu bátsins Hugins í Vogum.

Bæjarráð óskar eftir nánari upplýsingum um verkefnið er snertir varðveislu bátsins Hugins og kostnaðaráætlun frá Minjafélaginu áður en tekin verður ákvörðun um aðkomu sveitarfélagsins að verkefnum.

Þá kemur fram að með vísan til ákvörðunar bæjarstjórnar dags. 31.08.2022 getur bæjarráð ekki orðið við erindinu hvað Hafnargötu 101 varðar.

Birgir Örn Ólafsson vék af fundi við afgreiðslu þessa máls og tók Björn Sæbjörnsson við stjórn fundarins.



Þú finnur allar nýjustu fréttirnar frá Suðurnesjum á

vf.is

Framkvæmdastjóri fjármála



Laust er til umsóknar starf framkvæmdastjóra fjármála á Heilbrigðisstofnun Suðurnesja

Á Heilbrigðisstofnun Suðurnesja starfa 450 einstaklingar í 250 stöðugildum. Stofnunin veitir íbúum Suðurnesja fyrsta- og annars stigs heilbrigðisþjónustu. Fram undan er endurskoðun á þjónustuferlum sem og stefnu stofnunarinnar byggðri á Heilbrigðisstefnu til ársins 2030.

Leitað er að einstaklingi með þekkingu á opinberum fjármálum, reynslu af fjármálastjórnun, áætlanagerð og uppgjöri, greiningarvinnu og framsetningu fjármálaupplýsinga. Framkvæmdastjóri fjármála heyrir undir forstjóra og er hluti af framkvæmdastjórn Heilbrigðisstofnunar Suðurnesja.

Helstu verkefni og ábyrgð

- Framkvæmdastjóri fjármála ber ábyrgð á að bókhald sé fært á réttum tíma í samræmi við reglur Fjársýslu ríkisins þannig að fjárhagskerfi ríkisins gefi rétta mynd af fjárhagsstöðu stofnunarinnar
- Ber ábyrgð á greiningu og miðlun fjárhagsupplýsinga
- Stuðlar að hagkvæmum rekstri, í samræmi við samþykktar áætlanir
- Tryggir réttar og tímanlegar fjárhagsupplýsingar, tilkynna og skýra frávik frá rekstri
- Ráðgjöf um úrbætur í rekstrarlegum málefnum
- Samantekt og skil á mánaðarlegum útkomuspám
- Eftirlit með innkaupum og kostnaði tengdum samningum
- Önnur tilfallandi verkefni sem forstjóri felur viðkomandi

Menntunar- og hæfnikröfur

- Háskólamenntun á sviði viðskiptafræði, fjármálastjórnunar eða sambærileg menntun sem nýtist í starfi
- Reynsla af áætlanagerð og rekstrargreiningu
- Þekking á áætlunar- og bókhaldskerfi ríkisins er kostur
- Starfsreynsla úr sambærilegum störfum æskileg
- Hæfileiki til að miðla efni til stjórnenda og starfsfólks og ytri aðila
- Þekking á opinberum innkaupum og samningagerð
- Skipulögð, sjálfstæð og öguð vinnubrögð
- Faglegur metnaður, frumkvæði, samstarfshæfni og jákvætt hugarfar

Eftirfarandi gögn skulu fylgja umsókn

- Ítarleg náms- og starfsferilskrá
- Kynningarbréf með rökstuðningi um hæfni til að gegna stöðunni
- Afrit af prófskránum á pdf formi
- Upplýsingar um umsagnaraðila sem má hafa samband við

Frekari upplýsingar um starfið

Laun samkvæmt gildandi kjarasamningi sem fjármála- og efnahagsráðherra hefur gert við viðkomandi stéttarfélag. Gert er ráð fyrir að ráðning taki gildi 1. apríl 2024 eða eftir nánara samkomulagi. Umsóknarfrestur er til og með 15. mars 2024.

Nánari upplýsingar um starfið veitir: Guðlaug Rakel Guðjónsdóttir, forstjóri Heilbrigðisstofnunar Suðurnesja
Netfang; gudlaug.rakel.gudjonsdottir@hss.is

Ódýrasta mjólkinn með appinu



~~211 kr.~~
207 kr.
með appinu



Sæktu appið
og byrjaðu
að spara!

Með appinu færðu appslátt af öllum vörum í hvert skipti sem þú verslar. Afslátturinn birtist sem inneign í Samkaupaappinu. Þú getur notað appið í öllum verslunum Nettó og á netto.is.

nettó

ORÐALEIT

Finndu tuttugu vel falin orð



G P É S K P F L Ó H U K I V K
 J Ó Ý Æ M U N É R A J F E V R
 Ó S Þ K R I S T B J Ö S I S U
 S R Ú V Þ I N F A S A K Ó B M
 K Æ Ý B E X T G L É U Þ K T P
 A B Ó G Ú R B B B H K I E É A
 8 S E Þ J A K Í L P A X D Æ R
 S E L D U R S A G Í T E B K G
 A N J K M Ó U R T A E K T R E
 Þ A I N P P E K É T K M S A L
 Æ J N G Ö P L A T T I S A R N
 R K A M B U R A Ó U Þ D N D A
 T Y L L U G U H T A É B G L D
 T E K E T I L L S L Á N A Ö N
 Á R R U G N I N Ú B A L G N E

KVIKUHLAUP
 BÓKASAFNIÐ
 AUKATEKIÐ
 KEPPNI
 ENGLABÚNINGUR
 GJÓSKA
 NÓLDRAR
 REYKJANESBÆR
 BLAUTT
 SEÐJA

ATHUGULL
 GAGNAST
 KVIKUHÓLF
 LÁNA
 GÓÐVERK
 KRUMPAR
 URTA
 KAMBUR
 SELDUR
 VEFJA

Gangi þér vel!

ÉG ER STERK



Renata Ane-Marie Sabau er fimmtán ára nemandi við Myllubakkaskóla sem stefnir á hárgreiðslunám í Fjölbrotaskóla Suðurnesja. Hún á í raun engan uppáhaldsmat, nema kannski pizzu. Renata er ungmenni vikunnar.

UNGMENNI VIKUNNAR:

Nafn: Renata Ane-Marie Sabau
 Aldur: 15 ára
 Bekkur og skóli: 10.SI Myllubakkaskóli
 Ahugamál: Blak

Hvert er skemmtilegasta fagið? Enska er uppáhaldsfagið mitt.

Hver í skólanum þínum er líklegur til að verða frægur og hvers vegna? Kannski Jakob Máni af því að hann er góður í sundi eða Zuzanna.

Skemmtileg saga úr skólanum: Vinur minn festist eitt skipti á klósettinu í skólanum og ég gat ekki hætt að hlæja í að minnsta kosti 40 mínútur.

Hver er myndasturur í skólanum? Pottþétt Jakob Andrés.

Hvert er uppáhaldslagið þitt? Fallen star með The Neighborhood.

Hver er uppáhaldsmaturinn þinn? Kannski bara pizza, ég á í raun engan uppáhaldsmat.

Hver er uppáhaldsbíómyndin þín? After (öll serían).

Hvaða þrjá hluti myndir þú taka með þér á eyðeyju og hvers vegna? Mat, vatn og símann minn.

Hver er þinn helsti kostur? Ég er skapandi og félagslynd.

Ef þú gæti valið þér einn ofurkraft til að vera með restina af ævinni, hvað myndir þú velja? Að geta orðið ósýnileg hvenær sem ég vildi.

Hvað eiginleika finnst þér bestur í fari fólks? Að vera skapandi og vera tilbúin að prófa nýja hluti.

Hvað langar þig að gera eftir grunnskólann? Mig langar að fara í FS og fara á hárgreiðslubraut.

Stundar þú íþróttir eða aðrar tómstundir? Ég æfi blak og finnst það mjög gaman. Ég væri til í að æfa blak að minnsta kosti þangað til að ég klára skóla.

Ef þú ættir að lýsa sjálfri þér í einu orði hvað orð væri það? Sterk.

SUÐURNESJA
VF **magasín**
 Þú finnur allt það nýjasta í sjónvarpi frá Suðurnesjum á vf.is
 Lumar þú á ábendingu um áhugavert efni í Suðurnesjamagasín?
 Sendu okkur línu á vf@vf.is

Bíla viðgerðir
Smurpjónusta
Varahlutir
BÍLAR & PARTAR
 Brekkustíg 38 - 260 Njarðvík
sími 421 7979
 www.bilarogpartar.is

Rétturinn
 Ljúffengur heimilismatur í hádeginu
 Opið: **11-13:30**
 alla virka daga

Þú finnur allar nýjustu fréttirnar frá Suðurnesjum á
vf.is

HEYRN
 HEYRNARÞJÓNUSTA
 Heyrnúmskiptin, fáðu heymartæki til reynslu
HEYRN.IS
 HEYRNARTÆKI // HEYRNARGREINING // RÁÐGJÖF
 Heyrn // Hlíðasmára 19 // Kópavogur // heyrn@heyrn.is //

Loðnuveiðin hefur engin áhrif á Suðurnesin

Það er ekkert lát á mokveiðinni sem var hjá bátunum í febrúar. Þessi mokveiði hefur reyndar það vandamál með sér að núna er farið að stýra bátunum gagnvart veiðum, enda er kvótinn mjög fljótur að klárast í svona mikilli mokveiði.

Annars hefur færabátunum fjölgað mjög mikið og má segja að bátarnir skiptist í tvo hópa. Fyrri hópurinn er bátarnir sem eru að veiða ufsa, þeir bátar eru flestir kvótaliltir, og síðan eru það bátarnir sem eru með kvóta og þeir eru að veiða þorsk. Einn af þeim er færabáturinn Huld SH og já, eins og kannski við var að búast er þessi litli bátur nú þegar búinn að tvílanda einn daginn og var samtals með um 5,7 tonn sem fékkst á einum degi en í tveimur löndunum. Huld SH er mjög litill bátur og fullfermi hjá bátunum er ekki nema tæp þrjú tonn.

Annars ætla ég aðeins að fara með ykkur lesendur góðir aftur í tímamót, ég geri það af og til í þessum pistlum mínum. Núna er nokkurn veginn orðið ljóst að engin loðnuveiði muni verða þessa vertíð árið 2024 því engin loðna hefur fundist í veiðanlegu magni. Eins og ég hef áður skrifað um hérna þá hefur loðnuveiði engin áhrif á Suðurnesin því loðna hefur ekki komið á hafnir á Suðurnesjum í ansi mörg ár.

Aftur á móti fer ég með ykkur aftur til ársins 2000 og við skoðum febrúar og mars árið 2000, þá var mjög mikið um að vera í höfnunum í Grindavík, Sandgerði og Helguvík. Samtals komu á land í þessum þremur höfnum 108 þúsund tonn af loðnu.

Í Sandgerði komu alls 13.869, eða tæp 14 þúsund tonn, og voru þrjár



AFLAFRÉTTIR

Gisli Reynisson
 gisli@aflafrettir.is

bátar sem lönduðu þessum afla. Bergur Vigfús GK (áður Keflvíkingur KE) sem var með 1.337 tonn í þremur tórum, Súlan EA með 4.712 tonn í sex og Birtingur NK með 7.820 tonn í tólf löndunum.

Mikið var um að vera í Grindavík því þar komu á land 45.269 tonn af loðnu, eða rúm 45 þúsund tonn. Þrjár bátar lönduðu þar yfir 10 þúsund tonnum af loðnu, hæstur var Sunnutindur SU með 10.906 tonn í fimmtán tórum, þessi bátur hét áður Víkurberg GK. Þar á eftir kom Oddeyrin EA með 10.739 tonn í sextán tórum, þessi bátur hét Albert GK og síðan var það Seley SU með 10.030 tonn í fimmtán en þessi bátur var lengi vel togarinn Sölvi Bjarnason BA frá Bildudal.

Aðrir bátar í Grindavík, voru til dæmis Þorsteinn EA með 6.987 tonn í átta tórum, Háberg GK með 1.971 tonn í fjórum, Hoffell SU 1.086 tonn í einum, Grindvíkingur GK með 478 tonn í tveimur, Arnþór EA 544 tonn í einum, Neptúnus ÞH með 1.952 tonn í tveimur og Sigurður Jakobsson ÞH með 576 tonn í einum tór.

Helguvík var stærsta loðnulöndunarhöfnin þessa mánuði árið 2001. Þar komu á land samtals 48.572 tonn, eða tæp 49

þúsund tonn af loðnu. Þar var Örn KE aflahæstur með 9.153 tonn í ellefu löndunum, Grindvíkingur GK með 7.599 tonn í átta, Hákon ÞH með 5.617 tonn í sjö og Súlan EA 5.129 tonn í sex löndunum. Bjarni Ólafsson AK 3.331 tonn í þremur löndunum, Ísleifur VE með 3.081 tonn í fjórum, Gullberg VE 2.405 tonn í tveimur og Beitir NK 2.199 tonn í tveimur löndunum. Þórður Jónasson EA með 2.032 tonn í fjórum löndunum, Björg Jónsdóttir ÞH 1.836 tonn í tveimur, Sigurður Jakobsson ÞH 1.099 tonn í tveimur og Þorsteinn EA 1.039 tonn í einni löndun. Víkingur AK 946 tonn í einni löndun, Huginn VE 840 tonn í einni, Arnþór EA með 801 tonn í einni, Guðmundur Ólafur ÓF 746 tonn í einni og Arnarnúpur ÞH 719 tonn í einni löndun.

Eins og sést þá var mjög mikið um að vera í Helguvík því alls voru bátarnir sem lönduðu þar sautján talsins og fjöldi landana var samtals 57. Þetta þýðir að það var svo til bátur að landa loðnu hvern einasta dag í febrúar og mars árið 2000.

Sem sé mikið líf og fjör sem var árið 2000 en núna árið 2024 er lífið að aukast í Sandgerði.



Húðlækningar á netinu

Fáðu lausn á húðvandamálum þínum
þegar þér hentar, hvar sem er

 Húðvaktin

hudvaktin.is

Flytja matvælaframleiðsluna til Reykjanesbæjar

■ Viking sjávarfang þurfti að henda mikið af matvælum eftir rafmagnsleysi

„Við höfum þurft að henda miklu magni af matvælum, það er alltaf leiðinlegt,“ segir Sigurður Garðar Steinþórsson eða Siggi skáti eins og hann er betur þekktur í Grindavík. Hann á og rekur fyrirtækið Viking sjávarfang ásamt fjölskyldu sinni en fyrirtækið framleiðir tilbúna fisk- og grænmetisrétti. Vinnsluhúsnæðið skemmdist lítillega í hamförunum 10. nóvember en skemmdirnar urðu fleiri og alvarlegri og á endanum var húsnæðið dæmt ónýtt og ekkert annað að gera hjá Sigga og fjölskyldu en að flytja sig og starfsemina. Þau stefna á að hefja rekstur í Reykjanesbæ í mars.

Það hefur gengið illa að halda starfseminni gangandi síðan hamfarirnar áttu sér stað 10. nóvember en þann dag kom Siggi til landsins frá Spáni, þar sem hann á annað heimili. „Ég lenti um fimmleytið 10. nóvember og var sóttur upp á flugvöll af konu sem vinnur hjá mér. Hún býr á Ásbrú og var flúin heiman frá sér, eitthvað hefur því gengið á í Grindavík! Við fórum þangað og ég fór strax í vinnuna, var að fara undirbúa framleiðslu daginn eftir en svo hringdi Anna konan mín í mig og sagði mér að drífa mig í burtu eins og allir voru að gera. Ég tók lítilræði með mér

og ætlaði að snúa til baka daginn eftir en ég fékk ekki að snúa til baka fyrr en þremur vikum seinna. Ég var ósáttur við að enginn skyldi geta farið inn í fyrirtækið og slegið inn rafmagninu, ég sá að það var orðið rafmagnslost. Það skemmdist því mikið af vörum þá en ég bind ennþá vonir við að fá það bætt að einhverju leyti. Aðilar frá Náttúruhamfartryggingum komu eftir þrjár vikur og skoðuðu húsnæðið sem hafði lítillega skemmt. Ég fékk að laga það sjálfur svo ég gæti hafið vinnslu aftur. Við vorum komin af stað í byrjun desember, gátum framleitt

í tæpar tvær vikur en svo fórum við aftur til Spánar 16. desember, frí sem var löngu ákveðið.“

Leik lokið í Grindavík - í bili

Húsnæði Viking sjávarfangs er í sigdalnum austan megin í Grindavík og þótt Sigurður hafi náð að laga þær skemmdir sem urðu 10. nóvember, ágerðust þær jafnt og þétt og fyrir áramót var húsnæðið dæmt ónýtt af Náttúruhamfartryggingum Íslands. Sigurður ætlaði sér samt að halda vinnslu áfram á meðan það var í boði en við eldgosíð 14. janúar og meiri aflögun varð í Grindavík, er ljóst að ekki verða fleiri fiski- eða grænmetisbollur steiktar í húsnæðinum fyrirtækisins í Grindavík.

„Ég kom frá Spáni 9. janúar og við höfum framleiðslu daginn eftir, gátum framleitt í þrjú daga en sáum þá að skólpið var ekki að virka og þá komu í ljós frekari skemmdir og eftir það höfum við ekkert getað unnið. Við geymdum vörurnar í frystinum en svo byrjaði að gjósa 15. janúar og við fengum ekki að fara inn til að sækja þær. Því erum við að henda miklu magni af matvælum og það er alltaf leiðinlegt. Það er ljóst að við munum ekki vinna meira í Grindavík í bili



Á þessum myndum má sjá hluta þeirra matvæla sem eyðilögðust og þurfti að henda.



Siggi skáti við pönnuna. Hann var í viðtali í Suðurnesjamagasíni fyrir tveimur árum síðan. Þá var nóg að gera.

en ég er kominn með augastað á húsnæði í Reykjanesbæ og vonast til að geta hafið framleiðslu aftur í mars. Við höfum verið að framleiða um 30 tonn af grænmetis- og fiskréttum á ári, mest fyrir Danól og eins fer mikið frá okkur til Skólamatar. Reyndar töluðu þau hjá Skólamat um að kaupa meira af okkur en það hefur ekki gengið eftir en ég vona þau taki við sér og kaupi meira af okkur. Ég vil meina að við séum að framleiða hollan og góðan mat, við setjum engar mjólkurvörur, egg, hveiti eða rotvarnarnefni í matarskammtana okkar. Þetta er búið að vera barningur að undanförunu en það er gott að fá skýrar línur í þetta, nú er bara að finna húsnæði, koma tækjum og tólum fyrir og hefja framleiðslu á fullu,“ sagði Siggi að lokum.

”

... Við geymdum vörurnar í frystinum en svo byrjaði að gjósa 15. janúar og við fengum ekki að fara inn til að sækja þær. Því erum við að henda miklu magni af matvælum og það er alltaf leiðinlegt. Það er ljóst að við munum ekki vinna meira í Grindavík í bili...



Sigurbjörn Daði Dagbjartsson sigurbjorn@vf.is



Fjölbraut tekur við hluta rekstrar Keilis - fjórtán sagt upp

Fjölbrautaskóli Suðurnesja og Keilir miðstöð vísinda, fræða og atvinnulífs hafa gert samkomulag um að þeir fyrrnefndu taki að sér rekstur tveggja námsbrauta sem byggðar voru upp og eru í rekstri hjá Keili. Brautirnar eru einka- og styrktarþjálfaranám og stúdentsbraut í tölvuleikjagerð. Stefnt er að yfirfærslu þriðju brautarinnar, fótaaðgerðafræði um áramót. Keilir heldur í kjölfarið áfram vegferð sinni til þess að kjarna starfsemina eftir róstarsama tíma í rekstri. Fjórtán starfsmenn Keilis fá uppsögn.

Nemendur fyrrnefndra brauta ljúka vorönn á námsbrautunum í Keili, en þeir nemendur sem stefna að því að ljúka námi í einka- og styrktarþjálfaranámi eða stúdentsbraut í tölvuleikjagerð á haustönn eða síðar verður boðin námsvist í FS og fá að ljúka þar námi á þeim forsendum sem lagt var upp með frá upphafi námsins. Jafnframt mun FS sinna kynningum og innritun nýnema á þessar tilteknu brautir fyrir komandi skólavetur 2024-2025. Breytingin hefur engin áhrif á nemendur í Háskólabrú, fótaaðgerðafræði, stökum áföngum í fjarnámi eða annarra námskeiða hjá Keili.

Keilir átti frumkvæði að samtalinu við FS, en samstæðan hefur í áraradír glímt við fjárhagslegar áskoranir. Fýsileikakönnun Mennta- og barnamálaráðuneytisins árið 2023 ýtti undir hugmyndir stjórnar Keilis þess efnis að finna nokkrum námsbrauta skólans betri samlegð með hag nemenda að leiðarljósi. Hugmyndirnar snúa að því að tryggja brautunum farveg og efla þær enn frekar, en á sama tíma styrkja stoðir Keilis m.a. með því að

kjarna námsframboð og stokka upp í skipuriti skólans.

„Það skiptir miklu máli fyrir okkur að námsframboð fyrir nemendur á Suðurnesjum skerðist ekki. Ég tel að þessar brautir sem um ræðir falli vel að því námi sem fyrir er hjá okkur og að okkur takist að efla þær enn frekar. Þannig getur tölvuleikjabrautin fallið vel að tölvufræðibraut skólans og einka- og styrktarþjálfunin verði góð viðbót við íþrótt- og lýðheilsubrautina. Skólinn hefur verið að efla og auka starfsnám og því verður skoðað og stefnt að yfirfærslu starfsnáms í fótaaðgerðafræði um áramótin. Grunnur þess náms er sambærilegur og grunnur sjúkraliðanáms sem skólinn er með,“ segir Kristján Ásmundsson, skólameistari FS.

Nanna Kristjana Traustadóttir, framkvæmdastjóri Keilis segir erfitt að þurfa að kveðja starfsfólk. „Það er trú mín að FS hafi alla burði til þess að efla námsbrautirnar enn frekar og afar mikilvæg niðurstaða að námsframboð fyrir íbúa Suðurnesja sé óskert. Jafnframt tel ég allar líkur á að starfsemi brautanna komi með góðan innblástur inn í FS, enda urðu þær til í umhverfi nýsköpunarhugsunar og nútímalegrar nálgunar í námi.

Keilir er á tímamótum í kjölfar þrotlausrar vinnu síðustu ára við það að vinda ofan af óhagstæðum samningum og afar fjölbreyttum krefjandi rekstrareiningum. Nú er tækifæri fyrir Keili til þess að styrkja stoðirnar í kringum Háskólabrú, sem hefur frá upphafi verið hryggjarstykki skólans og fjölsóttasta aðfaranám á Íslandi.“

Aðalfundur Samkaupa hf.

Stjórn Samkaupa hf. boðar hér með til aðalfundar félagsins fyrir rekstrarárið 2023.

Fundurinn verður haldinn **miðvikudaginn 13. mars 2024 kl. 15:00** á skrifstofu félagsins að **Krossmóa 4a, 5. hæð, 260 Reykjanesbæ.**

Á dagskrá fundarins eru aðalfundarstörf samkvæmt 14. gr. samþykktu félagsins.

samkaup

ICELANDAIR 



Gefðu minningar

í fermingargjöf



icelandair.is

Góð ferðasaga er gjöf
sem endist alla ævi

Leyfðu fermingarbarninu að velja sína ferðasögu, hver sem hún er. Fermingarbarnið getur svo nýtt fleiri en eitt gjafabréf í einu þegar draumaferðin liggur fyrir — hvort sem það er fótboltaferð, verslunarferð, sólarlandaferð eða borgarferð.

Minning að eigin vali á icelandair.is/gjafabref

SKANNAÐU
KÓÐANN OG SJÁÐU
ÖLL TILBOÐIN

á www.byko.is/badherbergisdagar



ALLAR
BADPLÖTUR
OG FLÍSAM
-25%



Birt með fyrirvara um prentvillur og/eda myndabrengl.

BADHERBERGIS- DAGAR

Tilboð gilda frá
7.-20. mars



**25% AFSLÁTTUR
AF BADFYLGIHLOTUM**



**25% AFSLÁTTUR
AF STURTUBOTNUM**



**25% AFSLÁTTUR
AF SALERNUM**



**25% AFSLÁTTUR
AF BADINNRETTINGUM**



**25% AFSLÁTTUR
AF HANDLAUGUM**



**25% AFSLÁTTUR
AF GROHE
HANDLAUGARTÆKJUM**

PALLARÁÐGJÖF MEÐ SVANFRÍÐI

Svanfríður Hallgrímsdóttir landslagsráðgjafi verður á Suðurnesjum dagana **15. og 16. mars** með pallaráðgjöf fyrir garðinn þinn. Eftir tímann færð þú senda hugmyndabók með þrívíddarteikningum af fullkomnu áfdrepi í garðinum þínum




PANTAÐU TÍMA

BYKO
GERUM ÞETTA SAMAN



Hafliði hefur tekist á við ýmsar raunir eftir skíðaslysið. Á næstu mynd má sjá hann með brosandí eiginkonu, stuttu eftir slysið.



Hefur náð undraverðum bata eftir heilablæðingu

■ Hafliði Kristjánsson slasaðist mjög alvarlega á skíðum í Austurríki fyrir fjórum árum. Lá milli vonar og ótta á gjörgæslu ytra í tvær vikur. Er „nýr“ og breyttur maður eftir slysið. Gott að alast upp í Keflavík. Langar að láta til sín taka í félaginu hugarfar.is en það styður við fólk með áunninn heilaskaða.

Hafliði Kristjánsson ólst upp í Keflavík frá tíu ára aldri, kom með tvíburabróður sínum úr Reykjavík og þeir settust á skólabeck í Barnaskóla Keflavíkur í 5. bekk. Skemmtileg tilviljun að hann lenti með eiganda og ritstjóra Víkurfrétta, Páli Ketilssyni, á borði á fyrsta skóladeginum. Hafliði fór fjallabaksleiðina má segja að sínum starfsvettvangi og þegar hann var búinn að koma fótunum mjög vel undir sig og sína fjölskyldu, lenti hann í mjög alvarlegu skíðaslysi. Hann hlaut blæðingu á heila og gat hvorki talað né labbað fyrst um sinn. Eiginkonan hans, Steinunn Hlíf Sigurðardóttir, sá strax að Hafliði þekkti hana og það var auðvitað léttir en það var ekki fyrr en eftir u.þ.b. ár sem hún sá að Hafliði myndi að mestu ná sér. Nú fjórum árum seinna, hefur Hafliði náð ótrúlegum bata en hann er breyttur maður, hann veit það, konan hans veit það og börnin hans vita það líka. Segja má að hann hafi náð þessum undraverða bata með auðmýktina að vopni, eitthvað sem hann taldi sig ekki vita hvað væri áður en hann lenti í slysinu.

Alvarlegt skíðaslys

Hafliði byrjaði ungur að stunda skíði með foreldrum sínum. Hann á margar minningar af sér í Kerlingarfjöllum og hann keppti á skíðum sem unglingur. Hann hefur farið árlega í skíðaferð til útlanda í u.þ.b. fjórutíu ár og var einmitt á leiðinni þangað sem hann lenti í slysinu, til Ischgl í Austurríki, degi áður en viðtalið var tekið. Hann man vel hvað gerðist degi fyrir slysið, næstu dagar og vikur eru fallin í gleyskunnar dá.

„Við höfum verið mjög dugleg að fara í skíðaferðir til útlanda og alltaf nema tvisvar sinnum höfum við tekið einhver af börnunum okkar með, athyglisverð tilviljun að þessi tvö skipti sem við fórum ein lenti annað hvort okkar í alvarlegu slysi. Steinunn sleit krossbönd fyrir níu árum og svo vorum við ein í Ischgl árið 2020 og þá lenti ég í mjög alvarlegu slysi. Ég man daginn fyrir slysið eins og hann hafi gerst í gær, ég þurfti að labba langa vegalengd á skíðaskónum því ég fann ekki hótelið, var með Google maps stillt á car [bíll] svo ég fór eintómar króka-

leiðir og skyldi ekki neitt í neinu. Svo er það á mánudeginum sem líf mitt tekur heldur betur nýja stefnu. Það voru ekki margir í brekkunum þennan morguninn og ég var að skíða á mikilli ferð og tók ekki eftir hæðarmun svo áður en ég vissi af tókst ég á loft og það skrytna, ég setti hendurnar ekki fyrir mig. Ég lenti á hausnum og steinrotadist. Steinunn sá strax að þetta væri alvarlegt og sem betur fer kom önnur kona strax að sem er hjúkrunarfræðingur og aðstoðaði Steinunni með fyrstu viðbrögð. Eftir um hálf-tíma í brekkunni kom þyrta og mér var flogið til Innsbruck og þar var ég á gjörgæslu í tvær vikur, áður en mér var flogið í sjúkrahúsi til Íslands.“

Milli vonar og ótta

Fljótlega kom í ljós að blætt hafði inn á heila. Hafliði missti málið og var algerlega út úr heiminum án þess þó að hafa verið haldið sofandi. Hann mátti þakka fyrir að hafa verið mjög vel á sig kominn líkamlega, lækarnir sögðu að ef hann hefði ekki verið í svo góðu líkamlegu ásigkomulagi og með

splunkunýjan hjálm, hefði hann hugsanlega látið lífið. Það var erfitt fyrir Steinunni og börnin að horfa upp á Hafliða eins og hann var á sig kominn, vitandi ekkert um það hvort hann myndi ná sér og þá hve vel.

„Þetta var auðvitað mikið áfall, þetta gerðist í fyrstu ferð um morguninn og Hafliði fór með þyrta úr brekkunni um hálf ellefu. Svo



Bjarni reynir að ræða við Hafliða tvíburabróður sinn fljótlega eftir slysið.

var hringt í mig um tvöleitið og mér sagt að hann væri kominn til meðvitundar og ég keyrði til Innsbruck. Þegar ég kom var Hafliði í öndunarvél, hann var að mestu sofandi fyrsta sólarhringinn og daginn eftir þegar hann vaknaði sá ég að hann þekkti mig og Bjarna tvíburabróður sinn sem kom út rúmlega sólarhring eftir slysið. Það var auðvitað mikill léttir en á þessum eina og hálf sólarhring var farið í gegnum með mér hvað væri hugsanlega framundan. Tíminn á sjúkrahúsinu úti var mjög erfiður, ég vissi ekki hvort Hafliði myndi geta gengið, talað eða gert þá hluti sem hann var vanur að geta gert. Hafliði man ekkert eftir þessum tíma sem reyndi mjög á. Hann var algjörlega allt annar maður á þessum tíma, var í raun sjálfum sér og öðrum hættulegur því hann ráfaði um og var snældubryllur við alla nema mig og Bjarna bróður sinn. Hann var með vöktun allar sólarhringinn og var í þessu ástandi meira og minna í rúman

mánuð. Við flugum heim með sjúkrahúsi og hann fór beint inn á taugadeild á Landspítalanum og þaðan fór hann svo í endurhæfingu inn á Grensás. Slysið gerðist í janúar en í mars fór hann að gista alfarið heima og þá leið honum miklu betur. Við fjölskyldan höfum alltaf verið samrýnd og nán og það hjálpaði Hafliða eflaust mjög mikið en það var ekki fyrr en eftir u.þ.b. ár sem ég fann að hann væri að koma til baka. Þessi stjórnlausa hegðun fór minnkandi, hann var farinn að tala og ég sá að ég væri að fá hann til baka. Persónuleiki Hafliða hefur samt breyst, það er margt sem er mjög líkt en sumt hefur einfaldlega breyst. Því má kannski segja að ég sé búin að kynnast nýjum manni sem er hvorki betri né verri, hann er bara öðruvísi. Það sem hefur kannski auðveldað okkur þetta ferli er að hann hefur tekið verkefninu af svo mikilli auðmýkt. Fyndið að segja það en hann telur sig ekki hafa búið yfir auðmýkt áður en hann lenti í slysinu, hann segist hafa verið hrokafullur andskoti en ég er nú ekki sammála honum með það en þetta segir kannski eitthvað um breytinguna á honum. Að lenda í svona heilaskaða getur framkallað svo margar birtingarmyndir en það hvernig tekist er á við áfallið er það sem öllu máli skiptir að mínu mati. Allan tímunn hefur hann verið jákvæður, ekki velt sér upp úr af hverju hann lenti í þessu, þetta er bara verkefni sem hann er að tækla með jákvæðina að vopni. Við höfum líka tekið húmorinn á þetta, ef hann er ekki með sjálfum sér leyfist mér að segja við hann að nú sé eitthvað framheilarof í gangi. Nú eru liðin fjögur ár frá slysinu og Hafliði telur sig vera að nálgast sinn topp í bata en getum við ekki

”

... ég var að skíða á mikilli ferð og tók ekki eftir hæðarmun svo áður en ég vissi af tókst ég á loft og það skrytna, ég setti hendurnar ekki fyrir mig. Ég lenti á hausnum og steinrotadist. Steinunn sá strax að þetta væri alvarlegt og sem betur fer kom önnur kona strax að sem er hjúkrunarfræðingur og aðstoðaði með fyrstu viðbrögð ...

Öðruvísi fermingarundirbúningur hjá grindvískum fermingarbörnum

„Við fórum í aðra ferð í Vatnaskóg og náðum þannig að vinna upp þann tíma sem tapaðist frá og með 10. nóvember,“ segir sr. Elinborg Gísladóttir, sóknarprestur í Grindavík. Eðli málsins skv. riðlaðist fermingarundirbúningur grindvískra fermingarbarna en vatnið finnur alltaf leiðir, Elinborg skipulagði aðra ferð í Vatnaskóg og þar fengu börnin ekki bara fermingarfræðslu, heldur líka fræðslu um lífið sjálft.

Fermingarfræðslan hófst með hefðbundnu sniði, alltaf er farið í Vatnaskóg og gíst í fimm nætur í upphafi skólaárs. Sr. Elinborg annaðist fræðslu ásamt þremur öðrum prestum, m.a. sr. Sigurði Grétari Sigurðssyni, sóknarpresti í Hvalsnes- og Útskálaskókn en fermingarbörnin frá Garði og Sandgerði fara alltaf með í þessa árlegu ferð. Þessi ferð var ekkert frábrugðin ferðum undanfarinna ára segir sr. Elinborg.

„Fermingarundirbúningurinn hefst alltaf með þessari árlegu ferð í Vatnaskóg. Í þessum ferðum er fræðsla alla morgna eftir morgunmat, morgunstund og söng. Fræðslan er frá tíu til hálf eitt og þá borðum við hádegisverð. Eftir það hafa börnin val um nokkrar leiðir í frjálsum tíma, allt frá því að sigla á bátum og leika sér inni í íþróttahúsi. Svo eru alltaf kvöldvökur á kvöldin þar sem börnin fá að kynnast harmoníku-leik og dansa gömlu dansana, þau hafa alltaf mjög gaman af því. Síðasta kvöldið er síðan ball þar sem einhver plötuspilari [dj] mætir og skemmtir krökkunum. Þegar við komum heim úr þessari ferð er pása frá fermingarfræðslu, sem hefst svo aftur í lok september og er vikulega þaðan í frá. Þá fara börnin sömu-leiðis að mæta í messur og svona gátum við haldið hefðbundinni dagskrá fram til 10. nóvember, þegar veruleiki okkar breyttist snarlega.“

Fermingarfræðslan breyttist

Föstudaginn örlagaríka var sr. Elinborg búin að fá fermingarbörnin til sín og var verið að skipuleggja fjáröflunarferð í hús í Grindavík, fyrir hjálparstarf kirkjunnar. Jörð var tekin að skjálfa en börnin ætluðu fyrst ekkert að láta það á sig fá en skelkaðir foreldrar fóru að hringja í börnin sín og Elinborg sá að það var ekki hægt að halda því áfram. Fermingarfræðslan breyttist í kjölfarið á hamförunum.

„Fermingarbörnin tvístruðust auðvitað í allar áttir og því var ekki hægt að halda vikulegri fræðslu áfram og því var brugðið á það ráð að fara aðra ferð með börnin í Vatnaskóg. Eg fékk sr. Sigurð með mér og við tókum aðra fimm daga með börnunum og gátum unnið upp þann tíma sem hafði tapast síðan 10. nóvember. Við gerðum gott betur, við fórum yfir áföll og hvernig eigi að takast á við þau, vonandi kom þá sér vel því skömmu eftir að við komum heim úr þessari ferð, reið enn eitt áfallið yfir Grindavík, þegar gaus nærri bænum og þrjú hús fóru undir hraun,“ segir sr. Elinborg.

Bessastaðakirkja

Eiginlegri fermingarfræðslu er lokið, framundan er undirbúningur fyrir sjálfan fermingardaginn sem eðli málsins samkvæmt verður með breyttu sniði, börnin munu ekki fermast í Grindavíkurkirkju heldur Bessa-



... Það verður gaman fyrir börnin að hitta forseta vor og ég ekki von á öðru en fermingarnar í ár muni ganga eins vel og undanfarin ár, þó svo að staðsetningin sé önnur núna...

staðakirkju. Þyrfti ekki að koma á óvart þótt börnin muni rekast á forseta vor, Guðna Th. Jóhannesson.

„Undir lok nóvember hugsaði ég með mér að ég þyrfti að fá kirkju fyrir fermingarnar, hafði samband við þau sem stýra Bessastaðakirkju og gat fengið kirkjuna fyrir okkar börn því Bessastaðaskókn fermir börnin sín á laugardögum en við verðum á sunnudögum. Það gekk því vel upp og erum við því góða fólki sem stjórna Bessastaðakirkju, mjög þakklát. Guðni forseti er vanur að mæta í messur, ég geri ráð fyrir að börnin eigi eftir að hitta hann því þau klæða sig í kirtlana í ráðskonuhúsinu á Bessastöðum. Guðni er vanur að ávarpa fermingarbörnin þegar þau mæta þangað og klæða sig, ég á ekki von á öðru en hann geri það líka við okkar börn ef hann verður heima. Það verður gaman fyrir börnin að hitta forseta vor og ég ekki von á öðru en fermingarnar í ár muni ganga eins vel og undanfarin ár, þó svo að staðsetningin sé önnur núna og veturinn hafi verið eins og hann var. Börnin hafa fengið sömu fræðslu og jafnaldrar þeirra út um allt land svo það er ekkert að vanbúnaði að þau eigi yndislegan fermingardag,“ sagði sr. Elinborg Gísladóttir að lokum.

Árið 1983 var toppurinn að vera í teinóttu

Hélt ögn betri ræðu en frænka sín í sameiginlegri fermingarveislu

Ingvar Guðjónsson er fæddur árið 1969, fermdist því á hinu herrans ári 1983 en hann og fermingarsystkini hans voru þau fyrstu sem fermdust í nýrri kirkju Grindavíkur.

Hvað kemur fyrst upp í hugann þegar þú rifjar upp ferminguna?

Hversu langt er síðan. Bara góðar minningar.

Af hverju léstu ferma þig?

Til að staðfesta skírminna, ég og mitt fólk erum kirkjunar fólk.

Hvernig var fermingarundirbúningurinn, presturinn og kirkjan?

Hann var bara hefðbundinn, presturinn var Sr. Jón Árni Sigurðsson og fyrsta ferming í nýju kirkjunni í Grindavík.

Var haldin veisla og hvað er eftirminnilegast úr henni?

Veislan var haldin á Sjómannastofunni Vör. Ég og Guðrún Will-

ards frænka héldum veisluna saman. Lágstemmd og vandræðaleg ræða okkar Guðrúnar stendur þar upp úr. Ég var ögn betri en alls ekki mín besta ræða.

Eru einhverjar fermingargjafir sem þú manst eftir?

Já ég man að ég fékk tvöfalt segulbandstæki, geggjúð græja. Einnig fékk ég 80 cm rúm með hillusamstæðu fyrir ofan frá foreldrum. Svaf í því rúmi þar til ég flutti að heiman, dugði vel en gat verið þröngt á unglingsárunum stundum.

Manstu eftir fermingarfötunum eða klippingunni/greiðslunni?

Árið 1983 var toppurinn að vera í teinóttu og auðvitað var ég í teinóttum jakkafötum og vesti, leðurbindi og svartir spariskór.

Ertu að fara í einhverjar fermingarveislur?

Veit það bara ekki en finnst það líklegt, konan veit örugglega




meira um það. Mér sýnist ég aldrei sleppa, hef farið í fleiri en tíu stykki sama árið.

FERMINGAR TILBOÐ

120 CM RÚM DÝNA, BOTN OG FÆTUR VERÐ FRÁ KR.

98.910


GJÖF FYLGIR HVERJU RÚMI



Svefn & heilsa



Allt fyrir góðan svefn og betri heilsu



Listhúsið Laugardal - Reykjavík



Baldursnesi 6 - Akureyri

Listhúsinu Laugardal - Sími 581 2233 | Baldursnesi 6, Akureyri
Opið virka daga kl. 10:00 - 18:00 | Laugardaga 12:00 - 16:00

Lúða í hlaupi og kjúklingaleggir með álpappír á endunum á veisluborðinu

Bylgja Baldursdóttir fermdist 15. apríl 1984 í Hvalsneskirkju. Í árgangi 1970 voru bara fimmtán fermingarbörn og þau fermdust öll saman hjá séra Guðmundi Guðmundssyni. Það var þröngt við altarið.



Var haldin veisla og hvað er eftirminnilegast úr henni?

Fermingarveislan var heima á Vallargötunni og vegna fjölda ættingja og vina þá var fólki boðið í tveimur hollum, það fyrra kl. 16:00 og seinna kl. 19:00. Í veislunni var bæði boðið upp á mat og kaffi. Í matinn voru m.a. kjúklingaleggir með álpappír á endunum, nautapottréttur, lúða í hlaupi og hlaðborð með tertum og brauðréttum.

Eru einhverjar fermingargjafir sem þú manst eftir?

Fermingargjafirnar voru mjög margar, fimm hálsmen, fimm skartgripaskrín, fimm lampar, 8.000 kr. í peningum o.s.frv. en

það sem stóð mest upp úr var Ægistjaldíð frá móðurfjölskyldunni og diskamyndavél af nýjustu gerð frá góðum vinum.

Manstu eftir fermingarfötunum eða greiðslunni?

Fermingarfötin voru keypt í Reykjavík eftir langa leit. Ég fór í greiðslu til Þórunnar Einars, sem fékk það hlutverk að flétta hárið upp þar sem ég mátti ekki láta klippa mig fyrr en eftir fermingu. Myndin talar sínu máli um herlegheitin.

Ertu að fara í einhverjar fermingurveislur?

Mér er boðið í sex fermingurveislur þetta vorið og finnst alltaf jafn ánægjulegt að fagna með fermingarbörnunum og fjölskyldum þeirra.

Hvað kemur fyrst upp í hugann þegar þú rifjar upp ferminguna?

Í árgangi 1970 í Sandgerði voru einungis fimmtán fermingarbörn og við fórum fram á það við prestinn að fá að fermast öll í einni athöfn í kirkjunni. Það varð til þess að við þurftum að sitja mjög þétt saman við altarið og þegar einn byrjaði að hlæja þá á endanum hristist allur hópurinn af hlátri en fáir vissu af hverju við vorum að hlæja.

Af hverju léstu ferma þig?

Af trúarlegum ástæðum, tók virkan þátt í félagsstarfi kirkjunnar og KFUM/K.

Hvernig var fermingarundirbúningurinn, presturinn og kirkjan?

Fermingarundirbúningurinn var frekar hefðbundinn en ég held að mesti undirbúningurinn hafi verið hjá mömmu og ég man eftir einu samtali á milli foreldra minna þar sem pabbi spurði með sinni stökustu ró hvort það væri ekki barnið sem væri að fara að fermast en ekki heimilið. Fermingarfræðslan hjá Sr. Guðmundi var í skólanum einu sinni í viku þar sem hann fór yfir sálma, sögur og trúarjátninguna.



Náttföt og sloppar
30% afsláttur af
sængurverum
Mikil gæði


Tjarnargötu 3 Keflavík - Sími 421-3855
#draumaland230



Trúin gott veganesti inn í lífið

Marta Eiríksdóttir fermdist árið 1975 í Keflavíkarkirkju hjá séra Birni Jónssyni. Móðir hennar saumaði á hana fermingarfötin, dökkblátt flauelspils og vesti í stíl. Einnig saumaði hún rauða skyrtu, eins og sjá má á myndinni neðst á síðunni.

Hvað kemur fyrst upp í hugann þegar þú rifjar upp ferminguna?

Það fyrsta sem kemur upp í hugann þegar ég rifja upp ferminguna mína er hátíðleikinn í kirkjunni og heima í veislunni. Veðrið var gott og sólin skein. Einnig þessi góða tilfinning um að nú væri ég komin í fullorðinna manna tölu. Það var alltaf sagt um fermingarbörnin þá.

Af hverju léstu ferma þig?

Ég lét ferma mig til að staðfesta skírninguna, staðfesta trú mína á Jesú. Ég tók það mjög hátíðlega þrátt fyrir að vera líflegur unglingur. Ég hafði alist upp í hefðbundnu kristnu uppeldi, eins og var sjálf-sagt mál þá. Lærði Faðir vorði hjá mömmu minni, Biblíusögur í skólanum og söng í barnakór Keflavíkarkirkju. Þetta allt tengdi mig vel við trúna og var gott veganesti inn í líf mitt. Mér fannst ég aldrei ein.

Hvernig var fermingarundirbúningurinn, presturinn og kirkjan?

Við lásum um Jesú og lærðum utanbókar Trúarjátninguna og fleira. Flestir voru búnir að læra Faðir vorði heima hjá sér eða í kirkju. Ég man að við þurftum að lesa og læra margt fyrir ferminguna, sumt utanbókar eins og var algengt á þeim árum. Séra Björn Jónsson var góður við okkur og ég bar mikla virðingu fyrir honum. Mér fannst röddin hans alltaf hljóma svo fallega. Keflavíkarkirkja var mér eins og gamall góður vinur enda var ég sem barn oft í barnamesu.

Var haldin veisla og hvað er eftirminnilegast úr henni?

Veislan var haldin heima hjá okkur. Foreldrar mínir buðu gestunum. Amma mín og báðir

afar mínir mættu, frændur og frænkur og vinir foreldra minna. Ég man ekkert sérstaklega eftir að hafa boðið vinkonum mínum í veisluna mína eða farið til þeirra. Fullorðna fólkið stjórnaði þessu þá. Veislan og allur dagurinn var mjög hátíðlegur og eftirminnilegur. Mamma bakaði allt í veisluna og fékk örugglega einhverja hjálp hjá systur sínum og vinkonum.

Eru einhverjar fermingargjafir sem þú manst eftir?

Já ég man vel eftir gullhringjunum tveimur sem ég fékk en þeir voru með stórum gimsteini sem var í tísku þá. Ég á ennþá lampann sem ég fékk. Foreldrar mínir gáfu mér voða smart rúm sem var hægt að breyta í sófa. Þau máluðu einnig herbergið mitt fyrir ferminguna en ég fékk að ráða litnum sem þótti mjög sterkur. Appelsínugulir og dökkbláir veggir á víxl. Svo man ég vel eftir því að hafa fengið 35.000 krónur.

Manstu eftir fermingarfötunum, eða klippingunni/greiðslunni?

Mamma saumaði á mig fermingarfötin, dökkblátt flauelspils og vesti í stíl. Einnig saumaði hún á mig rauða skyrtu. Ég svaf með rúllur í hárinu nóttina fyrir fermingardaginn. Gullý hárgreiðslukona greiddi mér svo snemma á fermingardaginn. Á þessum tíma söfnuðu stelpur síðu hári sem var klippt eftir ferminguna. Ég hlakkaði mikið til að láta klippa hárið mitt sem markaði þá nýtt upphaf eftir fermingu. Þá fannst mér ég loks fullorðin!

Ertu að fara í einhverjar fermingurveislur?

Já við hjónin fórum í tvær veislur á þessu ári. Mér finnst það alltaf jafn gaman.






KEF RESTAURANT

Fallegu salirnir okkar eru tilvalinn vettvangur fyrir fermingarveislur, útskriftir, veislur og aðrar samkomur.

Við bjóðum upp á fjölda matseðla, m.a. smáréttarhlaðborð, kökuveislur og steikarhlaðborð. Einstök aðstaða með allri nýjustu tækni fyrir myndasýningar, ræður og fleira.

Leyfðu okkur að sjá um viðburðinn ykkar svo þið getið einfaldlega slakað á og notið augnabliksins.

Eigum nokkrar dagsetningar lausar. Hafið samband við okkur á restaurant@kef.is til að tryggja veislusalinn ykkar í dag. Frekari upplýsingar á www.kefrestaurant.is



Á að halda veislu?
Leitaðu ekki lengra en KEF Restaurant



Áttum við virkilega að borga fyrir að gera Jesú Krist að leiðtoga lífs okkar?

GUÐLAUG MARÍA LEWIS fermdist í Keflavíkurkirkju 8. apríl 1984 og á því 40 ára fermingarársmæli í vor. Prestur var Sr. Ólafur Oddur Jónsson. Fermingarfötin voru keypt í Fataval á Hafnargötunni og Helga Harðar sá um hárið.

Hvað kemur fyrst upp í hugann?

Hvað þetta var í raun stórt. Mikill undirbúningur og veisla og gjafir, allt fyrir mig. Þetta var alveg stór áfangi á leið inn í fullorðins-árin. Og svo bara góðar minningar um bekkjarsystkinin. Það var auðvitað mikill spenningur í kirkjunni á sjálfan fermingardaginn og aðal áhyggjurnar voru þær að fara nú ekki að hlæja og gera sig að fifli.

Af hverju léstu ferma þig?

Það var aldrei nein spurning. Þetta var nánast jafn sjálfsagt eins og að fara upp um bekk. Í 8. bekk fermdist maður, þannig var þetta bara. Auk þess hafði ég verið í sunnudagaskólanum og alltaf haft mína barnatrú.

Hvernig var fermingarrundirbúningurinn, presturinn og kirkjan?

Því miður verð ég að segja að ég varð fyrir dálitlum vonbrigðum í fermingarrundirbúningnum. Ég hafði haft miklar væntingar um að þetta yrði gefandi og skemmtilegt en upplifunin varð ekki alveg sú. Við vorum stórir hópar saman í fræðslunni og líklega hefur Ólafur Oddur, sá góði maður, átt fullt í fangi með okkur gelgjurnar og verið þeirri stund fegnastur þegar hann gat blessað okkur og kvatt. Ég man líka sérstaklega eftir því hvað við vorum undrandi þegar Ólafur Oddur tilkynnti okkur í einni fermingarrundirbúningunni að við ættum að borga fyrir að fermast. Áttum við virkilega að borga fyrir að gera Jesú Krist að leiðtoga lífs okkar? Okkur hefur örugglega fundist að hann ætti bara að þakka fyrir að fá okkur til að taka þessa ákvörðun.

Því miður verð ég að segja að ég varð fyrir dálitlum vonbrigðum í fermingarrundirbúningnum. Ég hafði haft miklar væntingar um að þetta yrði gefandi og skemmtilegt en upplifunin varð ekki alveg sú. Við vorum stórir hópar saman í fræðslunni og líklega hefur Ólafur Oddur, sá góði maður, átt fullt í fangi með okkur gelgjurnar og verið þeirri stund fegnastur þegar hann gat blessað okkur og kvatt. Ég man líka sérstaklega eftir því hvað við vorum undrandi þegar Ólafur Oddur tilkynnti okkur í einni fermingarrundirbúningunni að við ættum að borga fyrir að fermast. Áttum við virkilega að borga fyrir að gera Jesú Krist að leiðtoga lífs okkar? Okkur hefur örugglega fundist að hann ætti bara að þakka fyrir að fá okkur til að taka þessa ákvörðun.

Var haldin veisla?

Já, það var haldin veisla heima sem var nú ekkert voða stór, líklega 30-40 manns. Við vorum tvær frænkurnar sem fermdust sama daginn og því var hádegismatur hjá mér og svo veisla seinnipartinn hjá henni. Eftirminnilegast er nú kannski bara matarundirbúningurinn, allt var heimatilbúið og mig minnir að það hafi verið gerðar tilraunir með nýjungar eins og kjúklingabita sem áttu að bragðast eins og KFC og eitthvað í þá veru.

Eru einhverjar fermingargjafir sem þú manst eftir?

Já, man vel eftir ýmsu. Ég fékk rúm, skíði, tjalld, svefnpoka, stól,



lampa og smávegis skart. Ég fékk heilar 6.000 krónur í peningum sem taldist líka frekar lítið á þeim tíma, en þó heldur meira en 500 krónurnar sem ein bekkjarsystir mín fékk og okkur þótti mjög fyndið.

Manstu eftir fermingarfötunum eða greiðslunni?

Ég hafði voða litla skoðun á fermingarfötunum og fór bara í Fataval sem var á Hafnargötunni og keypti eitthvað pils og topp sem var til þar. Ég held að mér hafi ekki einu sinni þótt þetta neitt voða flott föt en það var nú ekkert verið að þvælast til Reykjavíkur til að græja þetta. Ég fór í greiðslu til Helgu Harðar sem var þá vinsæl hárgreiðslukona.

Ertu að fara í einhverjar fermingarveislur?

Já, ég er að fara í fermingarveislu hjá einu barnabarni í apríl.



Laumaði sér úr fermingurveislunni út í hesthús

GUÐBRANDUR EINARSSON fermdist árið 1972 í Keflavíkurkirkju en séra Björn Jónsson sá um athöfnina. Fermingarbarninu þótti veislan lítið spennandi og laumaði sér upp í hesthús, þar sem fermingargjöfin var reyndar geymd.

Hvað kemur fyrst upp í hugann þegar þú rifjar upp ferminguna?

Ætli það sé ekki fermingargjöfin sem ég hafði vitneskju um að biði mín.

Af hverju léstu ferma þig?

Kannski ekki einfalt svar við því. Maður fylgdi bara straumnum á þessum tíma enda létu allir ferma sig. Að eiga von á gjöfum skemmdi örugglega ekki fyrir.

Hvernig var fermingarrundirbúningurinn, presturinn og kirkjan?

Fermingarrundirbúningurinn var örugglega bara hefðbundinn, við mættum í kirkjuna og þuldum upp það sem við höfðum lært utan bókar s.s. eins og trúarjátninguna en við vorum hins vegar nokkrir í þessum hópi sem höfðum uppi einhverjar efasemdir um sköpunarsöguna, Adam og Evu og tilvist Guðs. Það var örugglega talsvert verkefni fyrir séra Björn að eiga við okkur og við létum segjast að lokum.



Var haldin veisla og hvað er eftirminnilegast úr henni?

Já já það var haldinn þessi fina veisla en mér fannst hún ekkert voðalega spennandi, enda fór það svo að ég laumaði mér úr veislunni og upp í hesthús sem þá voru bara rétt hjá heimilinu mínu þar sem er verið byggja nýjan leikskóla og

mörg fjölbýlishús og kallast nú Hlíðahverfi.

Eru einhverjar fermingargjafir sem þú manst eftir?

Já, ég fékk hest í fermingargjöf frá mömmu og pabba og þeirri gjöf gleymi ég aldrei. Peningarnir sem ég fékk einnig voru svo nýttir til að kaupa mér úrvals hnakk og þar með var ég orðinn fullgildur í samfélagi hestamanna sem áttu sín hesthús á þessu svæði. Margir þeirra eru mér minnstæðir enn þann dag í dag. Hestinn átti ég í einhver ár en hann var síðan seldur til þess að fjármagna kaup á rafmagnspíanói og sú della fylgir mér enn.

Manstu eftir fermingarfötunum eða klippingunni?

Það voru keypt fjöluþlú jakkaföt af þessu tilefni og toppurinn var síðan þverklipptur eins og örugglega var í tísku á þeim tíma.

Ertu að fara í einhverjar fermingarveislur?

EKKI svo ég viti en þær hafa flest árin verið nokkrar.

Laxableikur fermingarkjöll með doppum

THELMA HRUND HERMANNSDÓTTIR fermdist árið 2011 í Keflavíkurkirkju. Séra Skúli Sigurður Ólafsson sá um athöfnina.

Hvað kemur fyrst upp í hugann þegar þú rifjar upp ferminguna?

Ég man helst eftir spennunni, maður beid svo lengi eftir þessum degi.

Af hverju léstu ferma þig?

Þegar stórt er spurt, ég viðurkenni að ég trúi svolítið eftir hentugleika en ætli það hafi ekki verið aðallega fyrir stemninguna.

Hvernig var fermingarrundirbúningurinn, presturinn og kirkjan?

Það var mikið lagt í boðskortin fyrir fermingarveisluna. Ég fór í myndatöku og ein af myndunum var notuð á kortið. Restin af myndunum voru svo í albúmi fyrir gesti til að skoða í veislunni. Ég man sáralítið frá fermingarrundirbúningunni en ferðin í Vatnaskóg stóð upp úr.

Var haldin veisla og hvað er eftirminnilegast úr henni?

Það var haldin lítill krúttleg veisla í heimahúsi. Heimilinu var umturnað, borðum og stólum komið upp hér og þar og minnti helst á kaffihús, það var frekar krúttlegt og eftirminnilegt.



Eru einhverjar fermingargjafir sem þú manst eftir?

Það sem kemur fyrst upp í hugann er sæng og koddur sem ég fékk frá ömmu og afa, klárlega mest notaða gjöfin.

Manstu eftir fermingarfötunum eða greiðslunni?

Heldur betur, ég var í kjól sem var vissulega ekki í tísku því ég vildi alls ekki vera í eins fötum og hinir. Hann var laxableikur með doppum, ágætlega hallærislegur en gæti svo sem verið verri.

Ertu að fara í einhverjar fermingarveislur?

Já ég ætla að skella mér í eina.



Fermingarmyndunum stolið í Frakklandi

GUNNRÚN THEODÓRSDÓTTIR fermdist 8. apríl 1984 í Útskálakirkju og á því 40 ára fermingarafmæli í ár. Prestur var séra Guðmundur Guðmundsson. Þegar Gunnrún rifjar upp ferminguna þá kemur í ljós að það eru fáar myndir til frá þessum degi. „Mamma og pabbi fóru til Frakklands stuttu eftir ferminguna og það voru einhverjar myndir eftir á filmunni. Myndavélin var tekin með og henni var stolið á veitingahúsi og fannst aldrei aftur. Þannig að myndirnar úr fermingarveislunni okkar frændsystkinanna prýða sennilega fjölskyldumyndabúum hjá einhverjum í Frakklandi.“



haft í huga að við vorum ekkert alltaf viðráðanleg.

Var haldin veisla og hvað er eftirminnilegast úr henni?

Já, það var haldin sameiginleg veisla fyrir mig og Svein Magna frænda minn heima hjá mér. Það sem er eftirminnilegast úr veisluhöldunum er sá siður okkar fermingarbarnanna í Garðinum, að ganga í hús. Sem fór þannig fram að við hittumst strax um kvöldið allur hópurinn og fórum heim til hvors annars að skoða gjafir og smakka á veitingum.

Eru einhverjar fermingargjafir sem þú manst eftir?

Já, ég fékk armbandsúr og hillur í herbergið mitt frá mömmu og pabba. Ég fékk kasettutæki, krumpujárn, skartgrip og eitthvað fleira bráðnauðsynlegt fyrir '80 unglung. Minnir að ég hafi fengið 35 þúsund krónur.

Manstu eftir fermingarfötunum eða klippingunni/greiðslunni?

Fermingardressið samanstóð af pilsu og einhverskonar peysu var keypt í Hagkaup, frekar látlaust miðað við tíðarandann, ljóst að lit með svartri rönd hnepptri framan á. Ása frænka setti í mig fyrstu strípurnar og greiddi mér fyrir daginn, krullur, blóm og allt sem tilheyrði.



Fermingar- og frændsystkinin Sveinn Magni Jensson og Gunnrún Theodórsdóttir í fermingarmyndatöku frá því í apríl 1984 eða fyrir 40 árum síðan.



Ertu að fara í einhverjar fermingarveislur?

Já ég er búin að fá boð í þrjár held ég, þar á meðal hjá Aroni Loga bróðursyni mínum.

Hvað kemur fyrst upp í hugann þegar þú rifjar upp ferminguna?

Ætli það sé ekki þessi sérstök tengsl sem eru á milli einstaklinganna sem fermdust með mér. Við höfum haldið í þá hefð næstum því óslitið að hittast á fimm ára fresti og halda upp á þessi tímamót. Og það eru einhver sérstök tengsl sem við eigum.

Af hverju léstu ferma þig?

Sennilega eru nokkrar ástæður fyrir því, fylgja straumnum, gjafirnar höfðu áhrif, en ég vil trúa því að trúin á Guð hafi líka spilað inn í.

Hvernig var fermingarundirbúningurinn, presturinn og kirkjan?

Ef ég man það rétt þá hittum við prestinn í kirkjunni einu sinni í viku allan veturinn og fengum fermingarfræðslu. Séra Guðmundur hafði alveg ágætis tæk á þessum hóp sérstaklega ef það er

LAUS STÖRF Í VOGUM

Heilsuleikskólinn Suðurvellir – Deildarstjórar
Umhverfiseild – Umsjónarmaður fasteigna
Vinnuskóli Voga – Leiðbeinendur (flokkstjórar)



Nánari upplýsingar á www.vogar.is



SVEINSPRÓF Í JÚNÍ 2024

Opnað hefur verið fyrir umsóknir í sveinspróf í raf-, rafveitu-, og rafvélavirkjun.

Umsóknarfrestur er til 31. mars.

Kannski seinna!

Sækja um!

Umsækjendur sækja eingöngu um rafrænt á www.rafmennt.is



Við stækkum fermingargjöfina

Við gefum fermingarbörnum allt að **12.000 króna** mótframlag þegar þau spara fermingarpeninginn hjá okkur.

Við erum betri saman



Í englabúningi með kórónu

■ Fríða Dís Guðmundsdóttir ríghélt í barnatrúna

Tónlistar- og söngkonan Fríða Dís Guðmundsdóttir á góðar minningar frá fermingunni úr Hvalsneskirkju og veislunni en hún fermdist árið 2001. Reyndar voru veislurnar tvær sama daginn.

Hvað kemur fyrst upp í hugann þegar þú rifjar upp ferminguna?

Fermingargræjurnar sem ég fékk frá fjölskyldunni, ég gat sett í þær 3 geisladiska í einu og 2 kasettur. Síðan tengdi ég plötuspilara við allt heila klabbid og tætti í mig geisladiska- og plötusafn heimilisins enda auðvitað engar streymisveitur Youtube á þessum tíma, bara MTV og VH1 í línulegri dagskrá.

Af hverju léstu ferma þig?

Ég ríghélt enn í barnatrúna á þessum tíma og fór ekki í uppreisn fyrr en ég komst í Led Zeppelin safnið hans pabba.

Hvernig var fermingarundirbúningurinn, presturinn og kirkjan?

Séra Hjörtur Magni fermdi mig í Hvalsneskirkju. Við vorum sex úr árganginum sem létum ferma okkur í kirkjunni, hinir létu ferma sig í Safnaðarheimilinu sem er nú Sandgerðiskirkja.

Var haldin veisla og hvað er eftirminnegast úr henni?

Já, það var haldið fjölskylduboð í Miðhúsum í Sandgerði þar sem ég hitti skyldmenni en um kvöldið fékk ég að bjóða vinum mínum í pizzur, mér fannst seinni veislan mun skemmtilegri.

Eru einhverjar fermingargjafir sem þú manst eftir?

Það er óhætt að segja að fyrrenefndar hljómflytningargræjur hafi slegið í gegn og fyrir fermingarpeninginn minn keypti ég mér hús-

gögn og innréttaði herbergið mitt, sem er frekar myndin þæling.

Mannstu eftir fermingarfötunum eða klippingunni/greiðslunni?

Ég man að ég fór með mömmu í Mangó til að kaupa fermingarfötin, allt hvítt. Besta vinkona mín, sem hafði fermt sig árið áður, hafði verið með kórónu svo ég ákvað líka að vera með þannig, hálfgerður englabúningur sem ég var ekki lengi að slíta. Ég man að ég mátti líka vera með maskara og gloss á fermingardaginn sem ég fékk jafnan ekki. Mamma lofaði mér að ég fengi að klippa hárið stutt og lita það um leið og ég væri búin að ferma mig, sem ég gerði.



Fermingargræjurnar má sjá hægra megin á myndinni. Finnbjörn fermingarbróðir hennar grúskar í plötusafni heimilisins.



Slöngulokkarnir voru hræðilegir

■ Margrét Sanders og fermingarsystur hennar halda enn hópinn

Margrét Sanders, bæjarfulltrúi í Reykjanesbæ fermdist árið 1973 og fagnaði því hálfrar aldrar fermingarafmæli í fyrra. Hún fermdist í Keflavíkurkirkju og Björn Jónsson var prestur.

Hvað kemur fyrst upp í hugann þegar þú rifjar upp ferminguna?

Skemmtilegur fermingaundirbúningur. Við Njarðvíkingarnir kynntumst þarna Keflavíkurkrökkunum og með okkur tókust góð kynni.

Af hverju léstu ferma þig?

Ég hef alltaf trúað á Guð og var þarna að staðfesta skírnaheitið (örugglega ein af fáum).

Hvernig var fermingarundirbúningurinn, presturinn og kirkjan?

Mjög skemmtilegur. Vorum frábær og sterkur vinalhópur. Höldum enn hópinn.

Var haldin veisla og hvað er eftirminnegast úr henni?

Allt. Foreldrarinn voru frábærir og gerðu þennan dag eftirminneglegan. Eftir á getur maður hlegið af því að það voru settar sigarettur og vindlar í bakka og boðið upp á í veislunni.

Eru einhverjar fermingargjafir sem þú manst eftir?

Svefnpoki sem ég er nýhætt að nota.

Manstu eftir fermingarfötunum?

Já, svo sannarlega. Mjög stuttur kjóll í gulum og brúnum lit við skærgular sokkabuxur. Fermingajakinn var rúskinnsjakki með gæru á.

Fermingargreiðslan?

Hún var hræðileg á þessum tíma, slöngulokkar.



Margrét Sanders með fermingarsystkinum sínum í Keflavíkurkirkju. Á hinni myndinni er hún með fermingarsystur sínum og vinkonum.

MARION

HERRAFATAVERSLUN

Ferming
2024

Gott úrval af
fötum fyrir herra
á öllum aldri



Marion herrafataverslun, Hólmgarði 2a, Reykjanesbæ
Sími 861-7681 @fataverslunmarion

Málþing

Varðveisla fornþáta

Duus safnahús
mánudaginn 11. mars kl. 16:30 - 19:00



Málþingið er á vegum Byggðasafns Reykjanesbæjar og Byggðasafnsins á Garðskaga. Erindi flytja Ágúst Österby, Þór I. Hjaltalin, Helgi Máni Sigurðsson, Sigurbjörg Arnadóttir, Haukur Aðalsteinsson og Margrét I. Ásgeirsdóttir.




Byggðasafn
Reykjanesbæjar

Verkefnið er styrkt af Safnasjóði.



Jón Arilús
KÖKULIST

*Allt frá konfektmola
í fullbúna veislu*





Rosalega margir sjálfboðaliðar þurfa að koma að þessu

- segir Jón Ben Einarsson sem hefur verið viðloðandi Nettómótið lengst allra. Sumir segja jafnvel að hann sé Nettómótið sem er stærsta körfuboltamót tímabilsins, fjölskylduhátíð þar sem börnin eru látin ganga fyrir.



„Ég byrjaði sjálfur ekki að æfa körfubolta fyrr en svona fjórtán, fimmtán ára. Þá var eina íþróttahúsið í Keflavík í Myllubakka-skóla, sem er alveg nákvæmlega eins íþróttahús og var við Austurbæjarskóla í Reykjavík. Sama teikning eftir Guðjón Samúelsson, húsameistara ríkisins.



Svo kemur íþróttahúsið í Keflavík [við Sunnubraut] svona 1980 eða 1981. Það voru allir svo spennir að fá nýtt íþróttahús í Keflavík. Ljónagryfjan var komin í Njarðvík en Njarðvíkingarnir höfðu hana bara fyrir sig, þetta var náttúrulega sitt hvort sveitarfélagið. Ég man alltaf eftir því að það þurfti sjálfboðaliða til að klára gólfíð á sínum tíma, þá var ábyggilega eitthvað farið að lækka eitthvað í buddunni hjá bænum. Það var allt svo mikið holrúm undir steypu plötunni og til að það væri hægt að setja dúkinn á gólfíð, það var fljóttandi dúkur, þá þurfti að bora alveg milljón göt á plötuna og dæla lími – og þetta vorum við guttarnir að gera og allskonar sjálfboðaliðar bara til að leggja loka-hönd á húsið. Spennningurinn var svo mikill að menn töldu þetta ekkert eftir sér,“ segir Jón Ben og bætir við að með nýja húsinu hafi orðið algjör bylting í aðstöðu og upp úr því varð smá sprenging í körfunni og Keflvíkingar náðu sér vel á strik en fram að því höfðu Njarðvíkingar verið talsvert fram- arlega. „Þeir voru eldri klúbbur og höfðu náttúrulega aðstöðuna. Sennilega hafði Kaninn töluverð áhrif á þetta hérna og ég man að þeir buðu okkur alltaf í mót uppi á Keflavíkurflugvöll þegar tímabilið var búið hjá okkur.“

Jóhann Páll Kristbjörnsson
johann@vf.is

Jón var lengi í körfunni og spilaði í tvö ár með Reyni Sandgerði í lok ferilsins. „Seinna árið var eina úrvalsdeildartímabilið hjá þeim. Mjög skemmtilegur tími. Svo árið 1992 var frændi minn, Hannes Ragnarsson, formaður körfuknattleiksdeildarinnar og hann plataði mig í að koma inn. Þá var ég eiginlega hættur að spila og fljótlega var maður kominn „all in“ – alveg þangað til konan dró mig af landi brott '96 þegar ég fór í nám til Danmerkur. Þá var ég búinn að vera framkvæmdastjóri körfuknattleiksdeildarinnar í eitt ár, sökkta mér alveg í þetta.“

Það má ekki plana ferðalög þessa helgi

Jón sogaðist aftur inn í starfið þegar dóttir hans byrjaði að æfa körfu og hann var kominn í ungl-ingaráð á árunum 2007 til 2008. „Þá var ég kominn aftur. Áður var náttúrulega ekkert barna- og ungl-ingaráð, við slitum þetta í sundur síðar,“ segir hann.

Við leggjum alltaf mikinn metnað í að þetta takist vel, þetta er öðruvísi mót heldur en körfuboltamótið í seinni tíð hjá þessum krökkum. Þau hafa svolítið þróast í þá átt að liðin koma bara inn í einhvern glugga, spila þrjá leiki og fara svo heim ...

„Ég hafði komið að þessum fyrstu mótum, þá hét það Kókó-mjólksmótið. Við segjum að mótið hafi orðið til í þessari samvinnu Keflavíkur og Njarðvíkur árið 1990 en ég hef verið ansi innvinklaður í þetta frá svona 2008 eða 2009. Ég kom að þessum mótum þarna '93, '94 og '95 en þetta var miklu minna í sniðum. Þetta voru Keflavík, Njarðvík, Háukar og einhver fjögur, fimm félög. Meira svona rúmlega Reykjanesið en smám sama vatt þetta upp á sig.“

Ég ræddi við einn sem var að vinna í undirbúningi mótsins og hann sagði að þú værir Nettómótið. Þú mættir bara á staðinn og útbýtir verkefnum; þú ferð í þetta, þú í þetta o.s.frv. Þú veist alveg hvernig á að gera þetta.

„Já, þetta er dálítill pakki. Í raun og veru bara mikil útgerð og það er rosalega margir sjálfboðaliðar sem þurfa að koma að þessu til að mótið gangi upp. Ég man ekki í svipinn eftir neinum sem hefur komið jafnlengi að þessu og ég,“ segir Jón og hlær.

„Maður segir gjarnan að þessa helgi má ekki plana ferðalög eða frí, við þurfum á kröftum allra að halda til að ná að sinna þessu. Eins og á þessum stærstu mótum, þetta er eins og núna 631 leikur og það þarf að dæma þá alla og við vorum núna í fimm íþróttahúsum og höfum verið í sex íþróttahúsum í nokkur skipti. Það er búin að vera þróun í því líka. Við höfum fengið inni í íþróttahúsinu í Garði en vorum í Sandgerði núna og keyrðum því mótið á fjórtán völlum í fimm húsum. Það er spilað í ellefu klukkutíma á laugardeginum og sjö á sunnudeginum. Það eru margir orðnir framlágir snemma á laugardagskvöldinu en

Krakkarnir sýndu mikla þiðlund og þolinmæði þegar lokaathöfn Nettómótsins fór fram.



fulloröna fólkið er orðið ansi þreytt á sunnudeginum. Maður er orðinn frekar úrvinda eftir þetta áhlaup en þetta er alltaf jafn skemmtilegt þegar vel tekst til,“ segir Jón og brosir að þessu öllu saman.

„Við leggjum alltaf mikinn metnað í að þetta takist vel, þetta er öðruvísi mót heldur en körfuboltamótið í seinni tíð hjá þessum krökkum. Þau hafa svolítið þróast í þá átt að liðin koma bara inn í einhvern glugga, spila þrjá leiki og fara svo heim. Við höfum ekki viljað einfalda útgerðina þannig – okkar umgjörð er svona fjölskylduhátíð og þú þarft að vera tilbúinn sem foreldri að setja barnið í fyrsta sæti og láta þig hafa það að taka helst allt prógrammið. Þetta er náttúrulega stöðug samvera frá því að mótið byrjar á klukkan átta á laugardagsmorgni. Þetta er meira en bara körfubolti því það er líka farið í bíó, sund og svo er skemmtigarður í Reykjanesið inni þar sem er blásin upp stærsta hoppukastalaþrautabraut landsins og fleiri hoppukastalar – og þar er rosalegt fjör. Svo borða allir saman hádegisverð og kvöldverð og það

er einnig kvöldvaka þar sem er trallað í klukkutíma áður en farið er á gístastað þar sem er skúffukaka og mjólk fyrir svefninn.“

Svarti dagurinn í sögu mótsins

Jón Ben segir að mótið hafi ávallt gengið vel þar til Covid kom til sögunnar. „Það má segja að það hafi verið svartí dagurinn í sögu mótsins, föstudagurinn 6. mars 2020,“ segir hann. „Þegar almannavarnir lýsa yfir neyðarstigi út af Covid-faraldrinum. Þá var allt klárt og við bara að fara að flauta á mót. Landsbyggðarliðin voru komin í hús og þetta var hreinlega martröð. Við vorum búin að blása upp mótið og setja okkur í hátíðargírinn eins við gerum yfirleitt. Þetta var skelfilegt. Það voru öll aðföng komin í hús, búið að undirbúa allar máltíðir og allir búnir að greiða þátttökugjöld. Það var bara legið í símanum fyrstu tímuna eftir að þessi ákvörðun var tekin til að reyna að slökkva elda, ræða við birgja til að afbóða þetta og afbóða hitt. Ég man t.d. þegar ég hringdi í flutningabílinn sem var að koma





með hoppukastalana, hann var kominn út á Fitjar og þurfti að snúa við," segir Jón og hryllir sig við að rifja þetta upp.

„Þetta var algjört högg og maður var tómur í langan tíma á eftir, sem betur fer sýndu allir þessu ótrúlegan skilning. Við vorum búin að gefa út mótisblað og vorum búin að selja fullt af auglýsingum og styrktarlínunum í það, ekki gátum við farið að innheimta það. Það voru samt einhverjir sem vildu fá að borga en í fyrsta skipti í sögu mótsins þá var taprekstur á mótinu – þó á endanum yrði hann ekkert svakalegur. Það var verst að þurfa að blása mótíð af og að krakkarnir skildu hafa misst af því.“

Jón segir að daginn eftir hafi þau sett á nokkra leiki með liðunum sem voru komin á mótisstað utan af landi og buðu þeim í bíó og pizzu. „Þetta var náttúrulega hundleiðinlegt fyrir lið sem voru kannski komin frá Egilsstöðum, Hornafirði eða Akureyri og fá svo að heyra að það verði ekkert mót. Það er ekkert auðvelt fyrir sex, sjö og upp í tíu ára krakka að takast á við það," segir hann.

„2022 var ástandið ekki ennþá orðið nógu gott og við gátum ekki byrjað að undirbúa mótíð í janúar, við vorum bara ekki tilbúin í annað svona vesen. Þannig að við ákváðum að seinka því og það er svolítið erfitt að finna tíma því KKÍ og félögin eru með sínar áætlanir og mót í gangi – en við fundum loks glugga í apríl. Við blésum það mót ekkert upp og það voru einhverjir 750–800 iðkendur sem tóku þátt.“



Jón segir að þau hafi þurft tíma til að vinna mótíð upp í fyrra horf því þegar loks var hægt að halda Nettómótíð árið 2022 voru í raun liðin þrjú ár frá síðasta móti og fólk orðið ryðgað í fyrirkomulaginu. Núna hefur Nettómótíð náð fyrri stærð og þátttakendur voru um 1.250 um helgina.

„Við erum að ná fyrri stærð en ég vildi samt ekki blása í of mikla flugeldasýningu í útgáfumálum og þannig því það var eiginlega búið að lofa okkur að Stapaskóli yrði klár. Það er mjög hagkvæmur leikstaður þegar hann verður tilbúinn, þar verður hægt að vera með fjóra velli og á Sunnubrautinni eru sex. Það er betra að vera á færri og stærri stöðum heldur en að dreifa liðunum í minni íþróttahús. Mótíð núna var alveg í járnnum að koma því fyrir, við hefðum ekki mátt fá mikið fleiri iðkendur því við lofum



Fulloröna fólkíð er oft orðið úrvinda þegar liður að lokum mótsins.

Þetta var algjört högg og maður var tómur í langan tíma á eftir, sem betur fer sýndu allir þessu ótrúlegan skilning. Við vorum búin að gefa út mótisblað og vorum búin að selja fullt af auglýsingum og styrktarlínunum í það, ekki gátum við farið að innheimta það ...

liðunum ákveðnum leikjafjölda – en þetta tókst allt mjög vel," segir Jón sæll og ánægður að loknu vel heppnuðu Nettómóti – stærsta körfuboltamóti tímabilsins.

Meðfylgjandi myndir tók Jóhann Páll Kristbjörnsson, ljósmyndari Víkurfréttanna, á Nettómótinu um síðustu helgi, fleiri myndir eru væntanlegar á vf.is.



BJÖRGU TÓKST HIÐ ÓMÖGULEGA

Það kom að því að Gunnar Már Gunnarsson frá Grindavík yrði sleginn niður og þurfti konu til verksins. Björg Hafsteinsdóttir kom með geysilegum krafti inn í tipleik Víkurfréttanna, var með ellefu leiki rétta fyrir loka-leik laugardagsins og þar sem Gunnar Már var bara með níu rétta á þeim tímamarki var ljóst að nýr aðili væri kominn á stall. Leikar enduðu 11-10 en Gunnar Már getur verið stoltur af sinni framgöngu, hann kom sér upp fyrir Hámund Helgason og er í öðru sæti með alls 36 leiki rétta. Gréttar Ólafur Hjartarson er áfram efstur með 46, Hámundur í þriðja sæti með 34 og Grindvíkingurinn Jónas Þórhallsson ennþá inni í undanúrslitunum með 26 leiki rétta.

Það var lítið um óvænt úrslit og því voru alls 3.301 sem náðu þrettán réttum, þar af 31 Íslendingur og fékk hver rúmar 50 þúsund krónur í sinn hlut. 533 Íslendingar náðu tólf réttum, heilar 790 krónur fengust fyrir það.

Ferðinni er næst heitið út í Sandgerði og þó ekki því Magnús Þórisson á Réttinum býr í Keflavík en er alinn upp í Sandgerði. Það var stór spurning hvort Magnúsi yrði hleypt að kjötkötlunum því fyrrum starfsmaður hans, Grindvíkingurinn Bjarki Guðmundsson, fékk tækifæri fyrir í vetur í tipleik Víkurfréttanna og gerði hreinlega upp á bak í viðureign sinni á móti Hámundi Erni Helgasyni. Það voru uppi þælingar með að þar með væri annað starfsfólk Réttarins búið að fyrirgera rétti sínum að geta tekið

þátt en Víkurfréttir eru með stórt hjarta og hafa fyrirgefið Bjarka. Magnús er fyrrum dómari, er gallharður stuðningsmaður Reynis og Manchester United.

„Ég er með þann vafasama heidur að hafa sjö sinnum farið á Old Trafford til að sjá mína menn og þeir hafa aldrei unnið. Ég ætla ekki að mæta á leik minna manna á móti Liverpool í bikarnum þann 17. þessa mánaðar, ég vil fá sigur í þeim leik þar sem þetta er síðasti séns minna manna á titli þetta tímabilið. Ég var ánægður með mína menn í Reyni, við unnum þriðju deildina og ég vil sjá okkur fara beint upp í Lengjudeildina svo við getum mætt grönnum okkar hér á Suðurnesjunum, það yrði gaman. Ég er keppnismaður fram í fingurgóma og mun mæta með blóð á tönnum í þessa viðureign gegn Björgu. Hún er greinilega hörkutippari fyrst hún afgreiddi Gunnar Má og ég er ánægður að fá tækifæri á að spreya mig. Ég átti ekki von á því eftir að starfsmaður minn gerði sig nánast að fifli í leiknum fyrr í vetur," sagði Magnús að lokum.

Björg var yfir sig ánægð með að hafa náð að lækka rostann í fallbyssukjastinum frá Grindavík.

„Það var kominn tími til þess að sýna Gunna hvar Davíð keypti ölið. Hann reyndi greinilega að beita sálfræðinni á mig en hann átti að vita að ég er eldri en tvævetur þegar kemur að keppni og þessi tilraun hans var skot langt yfir markið. Fyrst ég er komin á stall ætla ég mér að sjálfsgöðu að vera þar eins lengi og ég þarf til

1X2 „PRUMAD Á PRETTÁN“



Sigurbjörn Daði Dagbjartsson sigurbjorn@vf.is

að koma mér í undanúrslitin. Mér list vel á að mæta Magga á Réttinum, hann á skilið að fá að taka þátt enda verið ötull stuðningsaðili íþróttalífs á Suðurnesjunum. Mér hefði þótt ansi ósanngjarnt gagnvart honum ef skita Bjarka, fyrrum starfsmanns hans, hefði útilokað Magnús frá leiknum. Maggi er United-maður og þar sem United og mínir menn í Liverpool munu mætast í átta liða úrslitum bikarsins verður viðureign okkar Magnúsar á vissan hátt fyrirboði þess stórleiks. Ég hlakka til að mæta honum og mun ekki sýna honum neina miskunn," sagði Björg að lokum.



Björg	Séðill helgarinnar	Magnús
<input checked="" type="checkbox"/> <input type="checkbox"/> <input type="checkbox"/>	Arsenal - Brentford	<input checked="" type="checkbox"/> <input type="checkbox"/> <input type="checkbox"/>
<input checked="" type="checkbox"/> <input checked="" type="checkbox"/> <input type="checkbox"/>	Wolves - Fulham	<input checked="" type="checkbox"/> <input checked="" type="checkbox"/> <input checked="" type="checkbox"/>
<input checked="" type="checkbox"/> <input type="checkbox"/> <input type="checkbox"/>	Bournemouth - Sheff.Utd.	<input type="checkbox"/> <input checked="" type="checkbox"/> <input type="checkbox"/>
<input checked="" type="checkbox"/> <input type="checkbox"/> <input type="checkbox"/>	Crystal Palace - Luton	<input checked="" type="checkbox"/> <input type="checkbox"/> <input type="checkbox"/>
<input checked="" type="checkbox"/> <input checked="" type="checkbox"/> <input type="checkbox"/>	Blackburn - Plymouth	<input checked="" type="checkbox"/> <input type="checkbox"/> <input type="checkbox"/>
<input type="checkbox"/> <input checked="" type="checkbox"/> <input checked="" type="checkbox"/>	Hull - Leicester	<input type="checkbox"/> <input type="checkbox"/> <input checked="" type="checkbox"/>
<input checked="" type="checkbox"/> <input checked="" type="checkbox"/> <input type="checkbox"/>	Millwall - Birmingham	<input type="checkbox"/> <input type="checkbox"/> <input checked="" type="checkbox"/>
<input checked="" type="checkbox"/> <input type="checkbox"/> <input type="checkbox"/>	Norwich - Rotherham	<input type="checkbox"/> <input type="checkbox"/> <input checked="" type="checkbox"/>
<input checked="" type="checkbox"/> <input type="checkbox"/> <input type="checkbox"/>	Preston - Stoke	<input checked="" type="checkbox"/> <input type="checkbox"/> <input type="checkbox"/>
<input checked="" type="checkbox"/> <input type="checkbox"/> <input type="checkbox"/>	Q.P.R. - Middlesbro	<input checked="" type="checkbox"/> <input type="checkbox"/> <input checked="" type="checkbox"/>
<input checked="" type="checkbox"/> <input type="checkbox"/> <input type="checkbox"/>	Southampton - Sunderland	<input checked="" type="checkbox"/> <input checked="" type="checkbox"/> <input type="checkbox"/>
<input checked="" type="checkbox"/> <input checked="" type="checkbox"/> <input type="checkbox"/>	Watford - Coventry	<input checked="" type="checkbox"/> <input checked="" type="checkbox"/> <input type="checkbox"/>
<input checked="" type="checkbox"/> <input checked="" type="checkbox"/> <input checked="" type="checkbox"/>	Blackpool - Portsmouth	<input checked="" type="checkbox"/> <input checked="" type="checkbox"/> <input checked="" type="checkbox"/>

Golfklúbbur Suðurnesja 60 ára

Golfklúbbur Suðurnesja fagnar sextíu ára afmæli í dag en GS var stofnaður 4. mars 1964. Stofnfundurinn var haldinn í dómssal lögreglustöðvarinnar á Keflavíkurflugvelli. Þar komu saman nokkrir áhugamenn um stofnun golfklúbbs en þeir höfðu þegar tryggt sér land undir golfvöll sem væri í landi Stóra-Hólms í Leiru í Gerðahreppi. Á þessum fundi voru m.a. lesin upp lög Golfklúbbs Reykjavíkur en fyrstu lög Golfklúbbs Suður-

nesja voru sniðin að þeim að með smávægilegum breytingum sem betur þótt við eiga við svæðið.

„Stórhuga draumar stofnenda ásamt vinnuframlagi allra sem hafa síðan í hendur lagt, annað hvort sem stjórnarmeðlimir, félagsmenn, starfsmenn eða sjálfboðaliðar hafa byggt upp auðlindina sem er Hólmsvöllur. Það á að forgangsverkefni okkar allra að varðveita félagsandanum í klúbbnum því það er golfklúbbnum lífsnauðsynlegt að eiga félagsmenn.“



Fyrsta stjórn G.S. - 1964
 Þorbjörn Kjöebo gjalderi, Asgrímur Þagnars formaður, Einar Arason ritari, Helgi Rígvaldason form.kaplleikari, Kristján Létureson varaformaður, Bjarni Albertsson form.vallarnefndar, Guðm. Jóhannsson form.húsnefndar

Störf í boði hjá Reykjanesbæ

Sjá öll laus störf:

www.reykjanesbaer.is/is/stjornsysla/atvinna/laus-storf

Viltu starfa hjá Reykjanesbæ? Almenn umsókn Hefur þú áhuga á að starfa við liðveislu?

Umsóknir í auglýst störf skulu berast rafrænt gegnum vef Reykjanesbæjar. Þar eru jafnframt nánari upplýsingar um auglýst störf. Hægt er að notast við QR kóða til að fara beint inn á vefinn



REYKJANESBÆR
Í KRAFTI FJÖLBREYTTILEKANS



JAFNLAUNAVOTTUN
2023 - 2026



Ný rafstöð 100 KVA
5,9 l. Cummins Turbo Diesel
Stgr. 2.480.000 kr. + vsk.

Upplýsingar í sínum
892 3590 og 69 69 468

Ray-Ban

Sólgleraugu í fermingargjöf

25% afsláttur af öllum
sólgleraugum út páskana

Optical Studio

REYKJANESBÆR

421 3811 | opticalstudio.is



Mundi

Ég er kannski meðalgreindur,
mögulega gervigreindur!

LOKAORD



HANNESAR FRIDRIKSSONAR

Hvað kostar verðbólga?

Skuldir heimila á Íslandi nema um það bil 3000 milljörðum króna króna. Sú skuld er ekkert að minnka, hún er að stórum hluta verðtryggð og minnkar ekki á meðan hér geysar verðbólga. Það er því ekki skrytið að aðilar vinnumarkaðarins hafi sameinast um að meginverkefnið sé að ná verðbólgunni niður þegar hvert prósentustig kostar íslensk heimili 30 milljarða á ári. Nú erum við aftur komin á þann stað að ímynda okkur að blessuð krónan hjálpi okkur við að leysa vandamál, sem hún sjálf veldur.

Augljósustu merki versnandi stöðu í þjóðarþúinu hafa verið þegar svonefndum tásmyndum hefur farið að fjölga á netinu. Því fleiri tásmyndir þess líklegra að verðbólga fari af stað og stýrivextir hækki. Landsmenn hafa undanfarna mánuði lesið rétt í stöðuna, hætt að taka myndir af tánum, og verðbólga farið minnkandi. En hvað þýðir eins prósent hækkan á verðbógu, og hvað væri hægt að gera við þann pening ef engin væri verðbólgan.

Nýlega bárust af því fréttir að kostnaður vegna leiðtogafundarins hafi verið tveir milljarðar króna. Að því er mér skilst þá var þar undirritaður einhver tímamótasamningur, auk þess sem íslenskir ráðamenn fengu gott tækifæri til að flaðra upp um erlenda ráðamenn, eftir ládeyðu í þeim efnum af völdum Covid. Engum datt í hug að spara, semja yfirlýsinguna í Word og undirskrifa hana í gegnum Auðkennisappið eins og okkur aumum almúganum er ætlað að gera. Ef við næðum verðbólgunni niður um þó ekki væri nema eitt prósentustig gætum haldið 15 svona þjóðarleiðtogafundi á ári og tekið fullt af fallægum fjölskylduljósmyndum af þeim.

Talið er að samráð skipafélaganna þar sem þau í samráði hækkuðu verð á flutningum til landsins, hafi kostað þjóðarþúinu 60 milljarða króna, eða jafngildi tveggja 2% verðbólgu á ári. Svo virðist sem þar hafi verið framið rán á íbúum landsins um hábjartan dag. Peningum stolið sem heimilin hefðu örugglega getað nýtt á skynsamari hátt.

Alþingi hefur samþykkt uppkaup ríkisins á eignum íbúða í Grindavík, sem er gott mál og sýnir að við sem þjóð sýnum samstöðu og samkennd þegar kemur að náttúrvá. Komið hefur fram að kostnaður vegna þessa geti numið um það bil 60 milljörðum króna, eða því sem nemur tveggja prósentu verðbólgu á ári. Prósentutalan er ekki há, en upphæðin stór.

Það er ljóst að verðbólga á Íslandi er há, hærri en hún þyrfti að vera ef við lítum til þeirra ríkja sem við viljum bera okkur saman við. Það er því ekki skrytið að aðilar vinnu- markaðarins skuli sameinast um það markmið að ná henni niður. En væri hægt að haga málum öðruvísi. Að vera ekki alltaf á nokkurra ára fresti að berjast við draug sem þyrfti ekki að vera til staðar. Íslensku krónuna sem talið er að á hverju ári kosti íslensk heimili, fyrirtæki og launafólk í kringum eitt hundrað milljarða á ári, eða því sem nemur 3% verðbólgu á ári.